# FRÉTTABLAÐIÐ

252. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 25. OKTÓBER 2016





**Kvennafrí** Kvennafrídagurinn var í gær og söfnuðust þúsundir kvenna saman í miðborg Reykjavíkur, sem og víðar um land, til að mótmæla kynbundnum launamun, eftir að hafa lagt niður störf klukkan 14.38. Boðað var til samstöðufundar á Austurvelli sem Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir stýrðu. Baráttufundir voru einnig haldnir á Akureyri, Grundarfirði, Hellu og í Neskaupstað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**ÍÞRÓTTIR** Snorri Steinn Guðjónsson handknattleiksmaður leggur landsliðsskóna á hilluna eftir farsælan feril. 16

**LÍFIÐ** Leikfélag Verzlunarskóla Íslands setur upp sýninguna Breakfast Club. Frumsýning verður 4. nóvember. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Fordæmalaus framkoma

**FEGURÐ** Fegurðardrottningar Íslands segjast aldrei hafa þurft að þola viðlíka framkomu og Arna Ýr Jónsdóttir í Miss Grand International. Hún er hetja með bein í nefinu, segir framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland.

„When they go low, we go high. Það þykir mér Arna Ýr hafa gert í þessu máli,“ segir Linda Pétursdóttir fyrrverandi alheimsfegurðardrottning. **– kg /** **sjá síðu 30**

## Ólga í röðum lögreglunnar

**SAMFÉLAG** Ólga er innan lögreglunnar á Norðurlandi vestra vegna yfirstjórnar hennar á svæðinu. Starfsandinn er í molum og samskipti stjórnenda lögreglunnar við almenna lögreglumenn eru óásættanleg segir í bréfi sem undirmenn sendu yfirstjórn.

Hafa starfandi lögreglumenn brugðið á það ráð að senda lögreglustjóranum bréf sem hann hefur ekki svarað. **– sa /** **sjá síðu 4**

# Bíða í allt að heilt ár

**Óskir fólks um endurhæfingu á Reykjalundi verða á þessu ári nálægt helmingi fleiri en unnt er að sinna. Hver króna skilar sér áttfalt til baka, sýna rannsóknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Eftirspurn eftir þjónustu á endurhæfingarmiðstöð SÍBS á Reykjalundi er í dag mun meiri en unnt er að sinna. Á Reykjalundi bíða nú tæplega þúsund manns eftir þjónustu og biðin er allt upp í eitt ár. Ef 300 milljóna króna niðurskurður frá hruni fengist bættur væri hægt að auka þjónustu Reykjalundar til muna.

Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir að nú berist 60-70% fleiri beiðnir um meðferð á Reykjalundi en þjónustusamningur Reykjalundar leyfir, sem gerir ráð fyrir að minnsta kosti 1.050 sjúklingum á ári. Um mitt ár 2016 höfðu borist um þúsund beiðnir um endurhæfingu og stefnir þannig í um 2.000 innlagnarbeiðnir á árinu.

Þjónustusamningur var gerður við ríkisvaldið um starfsemi Reykjalundar árið 2001. Þá voru starfandi á Reykjalundi vel yfir 200 manns í um 195 stöðugildum faglærðra sem óf aglærðra. Frá hruni hefur fjármagn til starfseminnar verið skert um 25 til 30 prósent og með óumflýjanlegri fækkun starfsmanna hefur orðið æ erfiðara að endurhæfa þá 1.050 sjúklinga á ári sem þjónustusamningur Reykjalundar gerir ráð fyrir, að sögn Magnúsar, en stöðugildin nú eru 159; alls 34 færri en þau voru þegar best lét.

> Það er góðra gjalda vert að byggja undir bráðaþjónustuna, en biðlistarnir okkar eru nálægt því að vera tvöfalt lengri en afkastagetan.
>
> Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga



„Það er góðra gjalda vert að byggja undir bráðaþjónustuna, en biðlistarnir okkar eru að nálgast það að vera tvöfalt lengri en afkastagetan. Þannig að það er ekki spurning um að það sé ekki eftirspurn eftir þjónustunni,“ segir Magnús og bætir við að ákveðnir sjúklingahópar fái ekki viðunandi endurhæfingu eins og staðan er í dag.

Stór rannsókn í verkjateymi Reykjalundar á árunum 2004-2011 sýndi að aðeins 33% voru vinnufær fyrir endurhæfingu, en þremur árum eftir útskrift voru um 60% í vinnu. Heilsuhagfræðileg úttekt á árangrinum sýndi að sex vikna meðferð sem kostaði tólf hundruð þúsund fyrir hvern einstakling skilaði að meðaltali 9,7 milljónum til baka til samfélagsins. Þetta þýðir að hver króna sem sett er í endurhæfingu skilar sér áttfalt til baka, segir Magnús meðal annars í grein sem var birt nýlega í blaði SÍBS. **– shá**




## Veður




Gengur í austan hvassviðri, fyrst suðvestanlands með rigningu og hlýnar í veðri. Snýst í ákveðna sunnanátt síðdegis með skúrum og léttir til norðaustanlands um kvöldið. **SJÁ SÍÐU 20**



**Gífurleg ásókn er í prófið enda fríðindin sem fylgja opinberum störfum mikil.** NORDIC PHOTOS/GETTY

# Átta þúsund sóttu um ritarastarf

**KÍNA** Meira en milljón Kínverjar tóku í gær próf í von um að fá starf hjá hinu opinbera. Alls voru 19.000 störf í boði en hið allra vinsælasta reyndist vera skrifstofustaða hjá valdalausum stjórnmálaflokki.

Opinberum störfum í Kína hefur í gegnum tíðina verið lýst sem „gylltri grjónaskál“ en þau þykja vinsæl sökum vegleg fríðindapakka sem þeim fylgja. Launin eru stöðug og þá geta þau að lokum leitt til inngöngu í Kommúnistaflokkinn. Á móti er einkageirinn óskipulagðari og óvissa varðandi laun og starfsframa meiri.

Vinsælasta starfið reyndist vera ritarastaða hjá Lýðræðisbandalagi Kína en það er einn átta stjórnmálaflokka, utan Kommúnistaflokksins, sem leyfður er í landinu. Flokkurinn er af mörgum talinn vera til í þeim eina tilgangi að kínversk stjórnvöld geti sýnt fram á að fleiri flokkar en Kommúnistaflokkurinn séu starfræktir í landinu.

Umrætt starf er í Peking og þurfa umsækjendur aðeins að hafa lokið grunnnámi í háskóla. Þá er gerð krafa um tveggja ára reynslu af vinnumarkaði.

Ríflega 1,5 milljón manna skráði sig í prófið en um 400 þúsund, ríflega íbúafjöldi Íslands, mætti ekki í prófið. Kínverjar hvaðanæva að úr heiminum sneru aftur til ættlandsins í von um að hreppa hnossið. **– jóe**

## Snjór í Esjunni



**Esjan er komin með hvíta hettu þótt enn bóli ekkert á snjókomu hjá því fólki sem virti fjallið fyrir sér við Sólfar Jóns Gunnars Árnasonar í Reykjavík í gær. Engin snjókoma er í kortunum fyrir höfuðborgarbúa en Veðurstofa spáir snjókomu meðal annars við Skagafjörð, Eyjafjörð, Húsavík og á Austfjörðum á næstu dögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Golfvöllur skemmdur ítrekað

**SIGLUFJÖRÐUR** Skemmdir hafa verið unnar fimm sinnum í sumar og haust á nýjum golfvelli á Siglufirði. Ökutækjum hefur ítrekað verið ekið yfir nýsáð svæði sem hafa við það stórskemmst. Egill Rögnvaldsson, vallarstjóri á golfvellinum, segir mælinn fullan.

„Við höfum reynt að hafa hendur í hári þessara skemmdarvarga. Við vitum ekki nægilega mikið um öll þessi skipti en við höfum séð til einstaklings í einu tilfelli,“ segir Egill. „Vegna þessa hefur kæra verið lögð inn á borð lögreglunnar. Við erum að byggja upp fyrir á annað hundrað milljóna króna og því leiðinlegt að alltaf sé verið að skemma.“

Mikil uppbygging tengd ferðaþjónustu hefur átt sér stað á Siglufirði síðustu ár og er uppbygging golfvallar og skíðasvæðis í firðinum einn liður í þeirri uppbyggingu. **– sa**






# Talsverð óvissa með nýtingu forkaupsréttar

**Fulltrúar stjórnarandstöðu í Þingvallanefnd undrast orð formannsins um að ákvörðun um nýtingu forkaupsréttar hafi ekki verið tekin. Þeir segjast hafa skilið það svo að ekki stæði til að kaupa grunn að sumarhúsi við Valhallarstíg nyrðri.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í Þingvallanefnd eru undrandi á orðum Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfisráðherra og formanns nefndarinnar, um að endanleg ákvörðun um nýtingu forkaupsréttar Þingvallanefndar á eign á Valhallarstíg nyrðri 7 við Þingvallavatn verði tekin í dag. Ríkisútvarpið hafði ummælin eftir Sigrúnu á sunnudag.

Á lóðinni er grunnur að 159 fermetra sumarhúsi í eigu Boga Pálssonar sem kenndur er við Toyota. Þar áður hafa meðal annars athafnakonan Sonja Zorilla og forsetinn fyrrverandi, Vigdís Finnbogadóttir, átt Valhallarstíg nyrðri 7. Eignin er metin á um 85 milljónir króna.

„Ég hafði fengið þau skilaboð frá formanni og varaformanni nefndarinnar að það væri búið að taka þessa ákvörðun. Í gær [á sunnudag] sagði hún að hún ætlaði hins vegar ekki að tjá sig um þetta mál fyrr en endanleg afgreiðsla þess lægi fyrir sem væri á fundi nefndarinnar á morgun [í dag],“ segir Róbert Marshall, fulltrúi Bjartrar framtíðar í nefndinni. Hann sagði að miðað við þau ummæli væri ekki búið að taka endanlega ákvörðun og fagnar hann því.

Róbert segir að það hafi mátt skilja á fundi nefndarinnar að meirihluti hafi ákveðið að falla frá forkaupsrétti. „Það fór fram atkvæðagreiðsla um það,“ segir Róbert en hann var ekki viðstaddur fundinn.

Eftir að hafa séð svar Sigrúnar segist Róbert fagna því að hún líti svo á að málið sé ekki fullafgreitt. Þá sé hægt að taka það upp á ný og beita forkaupsréttinum sem Róbert telur rétt að gera.



**Eignin sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar vilja að nefndin nýti forkaupsrétt á stendur við Þingvallavatn.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Ég hafði fengið þau skilaboð frá formanni og varaformanni nefndarinnar að það væri búið að taka þessa ákvörðun.



Róbert Marshall, Bjartri framtíð

> Það var gengið frá þessu á síðasta fundi. Þetta finnst mér mjög skrítið.



Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingar

Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar og fulltrúi hennar í nefndinni, tekur í sama streng. „Það var gengið frá þessu á síðasta fundi. Þetta finnst mér mjög skrítið. Þau hljóta bara að ætla að taka málið upp aftur,“ segir Oddný.

„Ef fjármála- og forsætisráðuneytin segja að það séu ekki til fjármunir til að kaupa þessa lóð, sem væri kjörinn staður fyrir almenning til að komast að Þingvallavatni, finnst mér að þjóðin ætti að safna fyrir henni,“ segir Róbert.

Oddný er sammála því að nýta eigi forkaupsréttinn. „Það er svo augljóst að það smellpassar við stefnu þjóðgarðsins að nýta forkaupsréttinn á þessari lóð. Þetta er frábær staður og almenningur á að fá að njóta hans.“

**thorgnyr@frettabladid.is**




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Fáðu nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Toyota**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## SFÚ fagnar fullyrðingu SFS

**SJÁVARÚTVEGUR** Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) fagna fullyrðingu Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), um að skiptaverð fisks í beinum viðskiptum eigi að vera sambærilegt við fiskmarkaðsverð vegna reikniformúlu skiptaverðsins. Ummælin lét hún falla í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Í fréttatilkynningu sinni segist SFÚ fagna nýjum upplýsingum. „Þær gefa tilefni til að álykta að engin fyrirstaða geti lengur staðið í vegi þess að gengið verði að hugmyndum SFÚ og kröfum sjómanna um að eitt fiskverð skuli gilda um öll viðskipti með fisk í landinu.“ Þá segir enn fremur að slík breyting myndi höggva á hnútinn í kjaradeilu sjómanna og skapa íslenskum neytendum réttlátara verð á fiski.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að talsverður munur væri á skiptaverði í beinum viðskiptum og á markaðsverði. – þea



Hillary Clinton er sem stendur líklegri til að hafa betur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Segir Hillary Clinton brjóta kosningalög

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi Demókrata í Bandaríkjunum, braut kosningalög með því að hafa samráð við sjálfstæð samtök um það hvernig samtökin skyldu haga sér í kosningabaráttu fyrir Clinton. Þetta fullyrðir blaðamaðurinn James O'Keefe sem hefur undanfarnar vikur birt myndbönd af starfsmönnum samtakanna Democracy Partners sem tekin voru með falinni myndavél.

Í myndbandi sem birtist í gær sést framkvæmdastjóri Democracy Partners segja að Clinton hafi beðið samtökin um að mæta á kosningafundi Donalds Trump, frambjóðanda Repúblikana, í Andrésar andar (e. Donald Duck) búningum og deila þannig á Trump.

O'Keefe hefur verið sakaður um að klippa myndbönd sín til að sýna viðfangsefnið í óhagstæðu ljósi en neitað sök. Hann segir myndbandið sanna lögbrot Clinton en ólöglegt er fyrir frambjóðanda að hafa samráð við slík óháð samtök um kosningabaráttu. – þea

# Kirkjuklukkur klingja klukkan fimm fyrir Aleppo

**SAMFÉLAG** „Með því að hringja kirkjuklukkunum erum við að vekja athygli á ástandinu í Aleppo í Sýrlandi,“ segir Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, en kirkjuklukkur landsins munu hringja í þrjár mínútur klukkan 17.00 á hverjum degi í heila viku. Agnes segir söfnuði landsins hafa sýnt átakinu mikla velvild.

„Mér rann blóðið til skyldunnar, það er ekki hægt að vita af svona hryllingi án þess að aðhafast. Við viljum vekja fólk til umhugsunar um að þarna er fólk að þjást og okkur er ekki sama um það,“ segir Agnes. Hún segir að kristnu fólki beri skylda til að sýna fórnarlömbunum í Aleppo samhug.

Ákveðið var að hefja átakið í dag vegna þess að dagur Sameinuðu þjóðanna er í dag og ljúka því þann 31. október, á siðbótardaginn. Átakið hófst í Finnlandi þann 12. október þegar Teemu Laajaselo, sóknarprestur Kallio-kirkjunnar í Helsinki, ákvað að hringja kirkjuklukkum til að minnast hinna látnu í Aleppo.

Það vakti mikla athygli og er áætlað að rúmlega 500 kirkjur taki þátt í átakinu í dag. Þar á meðal kirkjur allra Norðurlandanna, Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Suður-Afríku. – þh



Klukkurnar í Hallgrímskirkju munu óma til að vekja athygli á ástandinu í Aleppo.

# Starfsandinn er í molum hjá lögreglunni á Norðvesturlandi

**Lögreglumenn hafa sent lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra bréf þar sem þeir óska eftir úrbótum. Starfsandi í molum og samskipti stjórnenda við lögreglumenn óásættanleg að þeirra mati.**

**SAMFÉLAG** Ólga er innan lögreglunnar á Norðurlandi vestra vegna yfirstjórnar hennar á svæðinu. Starfsandinn er í molum og samskipti stjórnenda lögreglunnar við almenna lögreglumenn eru óásættanleg. Hafa starfandi lögreglumenn brugðið á það ráð að senda lögreglustjóranum bréf sem hann hefur ekki svarað.

Á fundi félags lögreglumanna á Norðvesturlandi í upphafi mánaðarins var ákveðið að senda bréfið og krefjast úrbóta þar sem starfsandi vegna stjórnunarhátta við embættið væru í ólestri. Bréfið má sjá hér til hliðar.

Var óskað eftir því að lögreglustjórinn, Páll Björnsson, myndi svara bréfinu efnislega og koma með tillögur að úrbótum fyrir 25. október. Ekkert bólaði á svarinu í gær.

Mikil umræða hefur verið um löggæslumál á Norðvesturlandi þar sem fáir eru á vakt enda svæðið stórt og víðfeðmt. Í sumar, þegar bifreið fór í sjóinn á Hvammstanga með þeim afleiðingum að maður drukknaði, tók það lögregluna tvær klukkustundir að koma á staðinn. Nú eru lögreglumenn úr umdæminu á námskeiði í Reykjavík og á meðan er undirmannað á vöktum á svæðinu. Einn lögreglumaður er á Sauðárkróki og annar á vakt á Blönduósi.

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki og formaður bæjarráðs Skagafjarðar, vék af fundi þegar umræða um stjórnun embættisins fór fram. „Ég vék af fundi til þess að menn gætu rætt þetta opinskátt. Ég er yfirlögregluþjónn á svæðinu og því þótti mér réttara að víkja af fundi,“ segir Stefán Vagn.

Undir bréfið sem sent var Páli, skrifuðu þeir Vilhjálmur Stefánsson og Pétur Björnsson sem er formaður lögreglufélagsins á Norðvesturlandi. Pétur vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið vegna bréfsins. Hann taldi eðlilegt að ræða það fyrst við lögreglustjórann á svæðinu áður en það yrði rætt í fjölmiðlum.

Ekki náðist í Pál Björnsson lögreglustjóra þar sem hann er í frí erlendis. sveinn@frettabladid.is



Töluverð umræða hefur verið um löggæslu á Norðvesturlandi eftir slys á Hvammstanga í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Bréfið í heild

Félagsfundurinn haldinn þann 6.10. 2016 sendir lögreglustjóra eftirfarandi erindi:

**„Eins og lögreglustjóra er kunnugt um er starfsandi vegna stjórnunarhátta við embættið í miklum ólestri og við því óskum við eftir því að lögreglustjóri bregðist við því sem allra fyrst. Fundurinn hefur áhyggjur af því að félagsmenn séu farnir að leita sér að öðrum störfum. Óskum við eftir tillögum að úrlausnum sem allra fyrst og í síðasta lagi fyrir 25. október næstkomandi,“**

kveðja
F.h. félagsfundar
Vilhjálmur Stefánsson, gjaldkeri LNV
Pétur Björnsson, formaður LNV





*Farandskáld*

Hann átti það ætíð víst

ef hann settist um kyrrt
og hugði sig hólpinn

að fjarskinn mikli
færðist ögrandi
nær,

og nísti hann síðast.

Það deyfði sviðann að dvelja
sífellt skemur
í sama stað,

halda sem oftast
heiman að

og vera gestur sem víðast.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 81905 10/16




# VILDARBÖRN ICELANDAIR

## Fjölskyldur 31 barns fengu ferðastyrk Vildarbarna

31 barni og fjölskyldum þeirra, samtals um 150 manns, var afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair fyrsta vetrardag, þann 22. október. Alls hafa 550 fjölskyldur notið stuðnings frá sjóðnum frá stofnun hans fyrir 13 árum. Sjóðurinn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum, söfnun myntar og sölu á Vildarenglinum um borð í vélum Icelandair, söfnunarbaukum á Keflavíkurflugvelli og á söluskrifstofum Icelandair auk viðburða á borð við stórmeistaramót Vildarbarna í skák.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og frumkvæði Peggy Helgason, eiginkonu Sigurðar Helgasonar fyrrverandi forstjóra Flugleiða og núverandi stjórnarformanns Icelandair Group. Peggy, sem um árabil hefur stutt fjölskyldur fjölda veikra barna með ýmsum hætti, situr í stjórn Vildarbarna, Sigurður er formaður stjórnar og frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum, foreldrum þeirra og systkinum, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Á myndinni eru styrkþegar ásamt stjórnendum Vildarbarna við úthlutun.

Það er auðvelt að gerast Vildarvinur – allar upplýsingar er að finna á **www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# PÍRATAR KYNNA

**Kerfisbreytingar í sjávarútvegi**

**Tökum samtalið** **Í DAG KL 16:00-18:00**
**Í NORRÆNA HÚSINU**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa kveðið sér hljóðs um málefni sjávarútvegsins og hefur yfirskrift þeirrar herferðar verið "Samtal um sjávarútveg". Píratar vilja því taka útvegsmenn á orðinu og efna til málefnalegrar, opinberrar umræðu og samtals þar sem sérfræðingar frá hvorri hlið skoða alla fleti þessa mikilvæga málaflokks. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!

**Ólafur Arnarson**
SFÚ – Samtök Fiskframleiðenda og útflytjenda

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
Framkvæmdastjóri SFS – Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

**Gunnar Smári Egilsson**
Ritstjóri Fréttatímans

**Heiðar Hrafn Eiríksson**
Þorbjörn hf.

**Álfheiður Eymarsdóttir**
Frambjóðandi Pírata í Suðurkjördæmi

**Guðmundur Kristjánsson**
Brim hf.

**Fundastjóri:** Baldvin Jónsson

xP ENDURRÆSUM ÍSLAND



# Auglýsing

**frá landskjörstjórn um framboð við alþingiskosningar 29. október 2016.**

Með vísan til 44. gr. laga um kosningar til Alþingis er framboðslisti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi birtur á ný þar sem nafn frambjóðanda hafði misritast.

*V – listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:*

1. **Lilja Rafney Magnúsdóttir,** kt. 240657-7919, alþingismaður, Hjallavegi 31, Suðureyri.
2. **Bjarni Jónsson,** kt. 060666-3939, forstöðumaður, Raftahlíð 70, Sauðárkróki.
3. **Dagný Rósa Úlfarsdóttir,** kt. 210176-3149, grunnskólakennari, Ytra-Hóli, Skagabyggð.
4. **Rúnar Gíslason,** kt. 170496-3029, leiðbeinandi, Brákarbraut 4, Borgarnesi.
5. **Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir,** kt. 260986-3259, líffræðingur og kennari, Kleppjárnsreykjum, Reykholti.
6. **Reynir Þór Eyvindsson,** kt. 190363-4149, verkfræðingur, Skógarflöt 25, Akranesi.
7. **Hjördís Pálsdóttir,** kt. 080686-2699, safnstjóri, Bókhlöðustíg 1, Stykkishólmi.
8. **Þröstur Þór Ólafsson,** kt. 221265-5139, iðnkennari, Steinsstaðaflöt 21, Akranesi.
9. **Berghildur Pálmadóttir,** kt. 110186-2829, ráðgjafi, Fagurhólstúni 1, Grundarfirði.
10. **Halla Sigríður Steinólfsdóttir,** kt. 110564-2609, bóndi, Ytri-Fagradal 2, Dalabyggð.
11. **Bjarki Hjörleifsson,** kt. 220389-2439, vert, Ásklifi 11, Stykkishólmi.
12. **Dagrún Ósk Jónsdóttir,** kt. 131293-2329, yfirnáttúrubarn, Kirkjubóli 1, Hólmavík.
13. **Ingi Hans Jónsson,** kt. 240255-7749, sagnaþulur, Sæbóli 13, Grundarfirði.
14. **Lárus Ástmar Hannesson,** kt. 150766-4199, kennari, Nestúni 4, Stykkishólmi.
15. **Guðný Hildur Magnúsdóttir,** kt. 130669-3019, félagsráðgjafi, Hreggnasa, Bolungarvík.
16. **Guðbrandur Brynjúlfsson,** kt. 300448-8019, bóndi, Brúarlandi 2, Borgarbyggð.

**Reykjavík, 24. október 2016.**
Landskjörstjórn.




Riðuveiki er afar erfiður sjúkdómur því smitberi getur lifað í náttúrunni í áratugi.

# Riða rústar ævistarfi Jónínu í Stóru-Gröf ytri

**Riða hefur greinst á fjórum bæjum í Skagafirði á síðustu átján mánuðum. Jónína Stefánsdóttir, bóndi í Stóru-Gröf ytri, þarf að skera allt sitt fé eða tæplega 400 fjár. Smitefnið í riðu er afar lífseigt og getur lifað í náttúrunni í fjölda ára.**

**LANDBÚNAÐUR** Riðuveiki virðist vera að skjóta upp kollinum á nýjan leik í Skagafirði en á síðustu átján mánuðum hafa fjögur tilvik komið upp. Bæirnir eru á svipuðum slóðum í Skagafirði og liggur fé þeirra saman á afrétti. Sigríður Bjarnadóttir, dýralæknir hjá Matvælastofnun, segir mikilvægt að rannsaka riðutilfellin ítarlega.

„Smitefnið er afar lífseigt og getur lifað í náttúrunni í fjölda ára. Því er nokkuð erfitt að eiga við sjúkdóminn," segir Sigríður. „Í sjálfu sér er erfitt að finna skýringu á því af hverju riðan er að koma upp aftur núna. Við þurfum að víkka út faraldsfræðilega rannsókn á riðutilfellunum. Féð liggur saman á afrétti og hafi til að mynda riðuveik kind drepist á afrétti er smitefnið lengi í náttúrunni."

Fyrir þremur áratugum voru aðgerðir hertar gegn riðu hér á landi til að stemma stigu við útbreiðslu hennar. Síðan þá hefur yfir 160 þúsund kindum verið fargað af riðusýktum bæjum. Þrátt fyrir að riðan sé að koma upp aftur nú í Skagafirði eftir nokkur riðulaus ár hefur mikill árangur unnist. Bændur þurfa að fara í gríðarlega mikla vinnu við bú sín þegar riðuveiki greinist og litlar sárabætur nást upp í það tap sem hlýst af. „Fótunum er bara kippt undan manni," segir Jónína Stefánsdóttir, bóndi í Stóru-Gröf ytri í Skagafirði, en kind hjá henni greindist með riðu í síðustu viku. „Nú erum við að missa allt okkar fé út af einni kind, þetta var ævistarfið og lifibrauðið. Við höfðum ræktað þennan stofn í öll þessi ár og svo á bara að lóga öllu fénu."

Jónína segir mikið verk fyrir höndum. „Nú þurfum við að rífa allt innan úr fjárhúsunum og skipta um jarðveg og sótthreinsa allt frá toppi til táar. Það verður skrítin tilfinning í vetur að hafa jörðina tóma. Í sjálfu sér er þá ekkert lengur til að vakna fyrir á morgnana," segir Jónína.

sveinn@frettabladid.is

**Riðutilfelli í Skagafirði**
2009-2016




> **Það verður skrítin tilfinning í vetur að hafa jörðina tóma. Í sjálfu sér er þá ekkert lengur til að vakna fyrir á morgnana.**
>
> Jónína Stefánsdóttir, bóndi í Stóru-Gröf ytri



**Ef riða greinist:**

- Þarf að skera allt fé á bænum
- Þarf að skera allt fé sem hefur verið hýst næturlangt á bænum
- Þarf að skipta um jarðveg í kringum fjárhús
- Þarf að brenna allt timbur í fjárhúsum
- Þarf að sótthreinsa stál og veggi með joði og klór
- Þarf að sótthreinsa tæki og vélar
- Verður jörðin að vera laus við sauðfé í tvö ár

# Vill uppboð byggða- og strandveiðikvóta

**SAMFÉLAG** Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, telur eðlilegt að bjóða upp strandveiðikvóta og byggðakvóta. En þó ættu menn að fara varlega með að stokka upp núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

„Það er alveg ljóst að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er það besta í heiminum og hefur margsannað sig. Því ættum við að fara varlega í breytingar á kerfinu. Að mínu mati kæmi ekki til greina að bjóða upp aflaheimildir á einu bretti," segir Páll Valur.

Hann segir byggðakvóta og strandveiðikvóta ekki hjálpa byggðum landsins. „Það kemur til greina að bjóða upp þennan kvóta. Með byggðakvóta eru menn að munstra sig austur á firði frá öðrum stöðum á landinu og svo er fiskurinn fluttur á bílum suður. Einnig með strandveiðina, þá getur ekki verið arðbært að mörg hundruð báta sæki þann litla afla sem til skiptanna er í ólympískum veiðum. Menn eru að fá mjög lítið út úr þessum veiðum. Við ættum að geta boðið upp kvótann og skilað þeim fjárhæðum til byggðanna aftur. Þá gætum við nýtt mun betur auðlindina til hagsbóta fyrir landsbyggðina." segir Páll Valur. **– sa**



Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar.




Komdu í reynsluakstur og nýttu þér frábær tilboð á **Mitsubishi** fjórhjóladrifsbílum og aukabúnaði, á Vetrardögum HEKLU. Við gerum betur í vetur og hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Stigateppi

Stigateppi
fyrir húsfélög og sameignir




*Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu*

KJARAN
SÍÐUMÚLI 14 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Styrkir til úttekta á aðgengismálum fatlaðs fólks**

Velferðarráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar styrki til úttekta á aðgengismálum fatlaðs fólks. Styrkirnir eru veittir í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks þar sem gert er ráð fyrir úttektum á aðgengi að opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

Styrkirnir voru áður auglýstir í september síðastliðnum en ákveðið var að ítreka auglýsinguna og framlengja umsóknarfrestinn til 2. nóvember.

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks gerir ráð fyrir úttektum á aðgengi að opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

Sveitarfélög bera ábyrgð á úttektum (sbr. aðgerðalið A.1 í áætluninni) en markmið úttektanna er að leiða í ljós stöðu aðgengismála í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í framhaldi af úttekt verði gerð áætlun um úrbætur, ef við á.

Velferðarráðuneytið mun veita styrki til þess að framkvæma umræddar úttektir. Auglýst er eftir styrkumsóknum frá sveitarfélögum sem ljúka slíkri úttekt á yfirstandandi ári 2016. Þjónustusvæði sem samanstanda af fleiru en einu sveitarfélagi, sem og ferlinefndir, geta einnig sótt um styrk.

Starfshópur metur umsóknir en forsenda fyrir greiðslu styrks er að ráðuneytinu hafi borist afrit af úttekt sem lýsi stöðu aðgengismála í sveitarfélaginu. Reiknað er með að þessum afritum verði skilað eigi síðar en 10. desember 2016 og greiðsla styrksins fari fram fyrir áramót.

**Umsóknarfrestur rennur út miðvikudaginn 2. nóvember kl. 16.00**

**Sækja skal um á rafrænu formi á umsóknarvef Stjórnarráðsins (http:// minarsidur.stjr.is)**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

## Syrgja fallinn hermann



Geðshræringin var mikil í útför indverska hermannsins Gurnam Singh sem fram fór í fyrradag. Singh lést af sárum sínum tveimur dögum eftir að hafa orðið fyrir skoti pakistanskrar leyniskyttu. Árásin átti sér stað skammt frá borginni Jammu, vetrarhöfuðborg Kasmírhéraðs. Deilt hefur verið um Kasmírhérað frá árinu 1947 og reglulega gerist það að andstæðar fylkingar Indverja og Pakistana skjóta hvor á aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Frönsk yfirvöld flytja flóttamenn frá Calais

**Þúsundir flóttamanna hafa verið fluttar til flóttamannabúða víðs vegar um Frakkland. Bretar hafa verið tregir til að taka við meira en þúsund fylgdarlausum börnum sem eiga rétt á að sameinast ættingjum sínum í Bretlandi.**

**FRAKKLAND** Frönsk stjórnvöld hófust handa í gærmorgun við að rýma flóttamannabúðirnar við Calais, skammt frá syðri enda Ermarsundsganganna. Meira en þúsund lögreglumenn voru kallaðir til verksins.

Á þriðja þúsund flóttamanna voru flutt þaðan í gær með rútum, en búið var að úthluta 7.500 manns húsaskjóli í flóttamannabúðum á samtals um 450 stöðum víðs vegar um Frakkland.

Um 1.300 þeirra eru á barnsaldri, yngri en 18 ára, en ein síns liðs. Frönsk stjórnvöld hafa undanfarið staðið í samningaviðræðum við Breta um að taka við þessum börnum, þar sem mörg þeirra eiga ættingja sem búa í Bretlandi og vilja af þeim sökum komast þangað.

Þau eiga mörg hver lagalegan rétt á því að komast til ættingja sinna í Bretlandi og fá þar hæli, en bresk stjórnvöld hafa verið treg til að taka við þeim. Samkomulag náðist þó á endanum um að þau fái flest að fara til Bretlands.

**8.143**

**flóttamenn bjuggu í Calaisbúðunum áður en brottflutningur þeirra hófst í gær, samkvæmt mati hjálparstofnana. Opinber tala hefur verið um sjö þúsund.**

Brottflutningarnir virtust ganga vel fyrir sig, framan af í það minnsta. Flóttafólkið fylgdi fyrirmælum lögreglu, beið í biðröðum og fór um borð í rúturnar eins og fyrir var lagt.

Um helgina brutust hins vegar út átök þar í búðunum milli lögreglu annars vegar og flóttafólks og mótmælenda hins vegar, sem voru að mótmæla fyrirhugaðri lokun búðanna. Lögreglan beitti þá táragasi gegn mótmælendum, sem köstuðu grjóti í lögregluna.

Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International hafa fylgst grannt með aðgerðum lögreglunnar, beinlínis í þeim tilgangi að draga úr líkunum á lögregluofbeldi.

Um sjö þúsund manns hafa búið í búðunum undanfarið, samkvæmt opinberum tölum, en hjálparsamtök segja íbúana hafa verið rúmlega átta þúsund.

Þangað hefur safnast fólk sem reynir að komast um Ermarsundsgöngin til Bretlands. Vöruflutningabílar á leiðinni inn í göngin eru iðulega stöðvaðir með ýmsum ráðum þannig að fólk geti reynt að smygla sér með þeim norður á bóginn.

Alain Juppé, sem gerir sér vonir um að verða næsti forseti Frakklands, sagði nýverið að færa ætti landamæraeftirlitið við Ermarsundsgöngin frá Frakklandsenda þeirra í Calais yfir til Kent á Englandi. Bresk stjórnvöld hafa tekið illa í þá hugmynd.

Fyrr á þessu ári voru búðirnar minnkaðar um helming, en ekki fækkaði íbúum þar neitt. Þegar mest var höfðust þar við um tíu þúsund manns. gudsteinn@frettabladid.is

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**VERÐ: 2.290.000 kr.**
**Citroën C4 Feel** RXU54
Skráður júní 2015, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 61.000 km. Í ábyrgð. Litur: Ljósbrúnn



**TILBOÐ 2.690.000 kr.**
**Ford B-MAX Titanium** FRY55
Skráður júní 2015, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 38.000 km. Litur: Ljósbrúnn
~~Verð: 2.990.000 kr.~~



**TILBOÐ 1.590.000 kr.**
**Citroën C3 Seduction** UZJ46
Skráður desember 2013, 1,6HDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 55.000 km. Litur: Silfur
~~Verð: 1.790.000 kr.~~



**TILBOÐ: 3.390.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium STW** ZBH82
Skráður mars 2015, 1,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 65.000 km. Litur: Silfur
~~Verð 3.690.000 kr.~~



**VERÐ 2.490.000 kr.**
**Peugeot 308 Active** GZH16
Skráður apríl 2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Ekinn 64.500 km. Í ábyrgð. Litur: Dökkblár



**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
**Citroën C4 Cactus Feel** IDS84
Skráður maí 2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Ekinn 51.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfur/svartur
~~Verð 2.290.000 kr.~~



**TILBOÐ 3.790.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** JSH11
Skráður júní 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 107.000 km. Litur: Grár
~~Verð 3.990.000 kr.~~



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** AIU79
Skráður október 2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 127.000 km. Litur: Hvítur
~~Verð 3.590.000 kr.~~



**TILBOÐ: 2.390.000 kr.**
**Peugeot 508 Active** RLF72
Skráður janúar 2014, 1,6Hdi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 128.000 km. Litur: Grár
~~Verð 2.590.000 kr.~~



**TILBOÐ: 2.190.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** ZDG72
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 62.000 km. Litur: Brúnn
~~Verð 2.390.000 kr.~~



**VERÐ: 2.390.000 kr.**
**Peugeot 2008 Active** ENG57
Skráður janúar 2015, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 20.000 km. Í ábyrgð. Litur: Brúnn



**TILBOÐ: 1.690.000 kr.**
**Ford Fiesta Trend** KHR41
Skráður júní 2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 62.000 km. Litur: Silfur
~~Verð: 1.890.000 kr.~~

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

# Suðurkjördæmi í hnotskurn

Ellefu framboð bjóða fram lista í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningar 2016. Hér fyrir neðan má sjá efstu menn á hverjum lista.


**Guðmundur Karl Þorleifsson**
Íslensku þjóðfylkingunni


**Páll Magnússon**
Sjálfstæðisflokki


**Halldór Gunnarsson**
Flokki fólksins


**Oddný G. Harðardóttir**
Samfylkingunni


**Smári McCarthy**
Pírötum


**Páll Valur Björnsson**
Bjartri framtíð


**Ari Trausti Guðmundsson**
Vinstri grænum


**Sturla Hólm Jónsson**
Dögun


**Jóna Sólveig Elínardóttir**
Viðreisn


**Guðmundur Sighvatsson**
Alþýðufylkingunni


**Sigurður Ingi Jóhannsson**
Framsóknarflokki



Konur
**17.235**

Karlar
**18.223**

Fjöldi á kjörskrá
**35.458**

Fjöldi á kjörskrá í kosningunum 2013
**33.619**

Stærð kjördæmis
**31.802 km²**

**2 formenn**
stjórnmálaflokka á Alþingi bjóða fram í Suðurkjördæmi, þau Sigurður Ingi Jóhannsson og Oddný G. Harðardóttir.

## Sveitarfélög í kjördæminu

Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Flóahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.

## Úrslit síðustu kosninga




Þingmenn




## Þingmenn sem hætta


**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins


**Haraldur Einarsson**
þingmaður Framsóknarflokksins


**Páll Jóhann Pálsson**
þingmaður Framsóknarflokksins

# Skólameistari hefur áhyggjur af nemendunum í umferðinni

Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands segir samgöngumál eitt mesta hagsmunamál Sunnlendinga. Vegirnir illa unnir og mjög þreyttir. Framkvæmdastjóri Sólheima segir velferðarmál og samgöngumál brenna helst á sér. Segir skrítið að unnt hafi verið að reka öfluga heilsugæslu um land allt áður fyrr en ekki núna.

Kosningar 2016



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Suðurkjördæmi nær frá sveitarfélaginu Hornafirði til sveitarfélagsins Voga og eru þingmenn kjördæmisins tíu. Framsóknarflokkurinn vann þar stórsigur í síðustu kosningum, með 34,5 prósent atkvæða og Sjálfstæðisflokkurinn var með 28,3 prósent. Hvor flokkur fékk fjóra þingmenn kjörna, Samfylkingin og Björt framtíð fengu síðan hvor sinn manninn.

Það virðist ekki ýkja margt sem sameinar mannlífið og atvinnulífið á Reykjanesskaganum annars vegar og hins vegar á Suðurlandinu. Þó má segja að á báðum stöðum sé ferðaþjónustan vaxandi þáttur, eins og reyndar víðast hvar á Íslandi. Það kann að hafa áhrif á það að krafan eftir bættum samgöngum er fólki mjög ofarlega í huga.

Sólheimar í Grímsnesi er klárlega ein af perlum Suðurlands. Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, segir þrennt brenna á sér fyrir kosningarnar. „Það eru velferðarmálin sem brenna. Það eru samgöngumálin og mér finnst líka mikilvægt, sem ekki er mikið rætt um, og það er að greiða niður skuldir ríkisins,“ segir hann.



Sjö þúsund manns búa á Selfossi sem er stærsti þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu Árborg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Mér finnst það ekki vera æskileg þróun að miða allt inn á höfuðborgarsvæðið
>
> Guðmundur Ármann Pétursson



Guðmundur segir að menn verði að hugsa til þess hvernig þeir ætli að þróa heilbrigðisþjónustuna.

„Mér finnst það ekki vera æskileg þróun að miða allt inn á höfuðborgarsvæðið þó að það fylgi því ákveðin hagkvæmni. Mér finnst mjög sérstakt að fyrir fimmtán til tuttugu árum gátum við rekið bæði sjúkrahús og mjög öfluga og góða heilsugæslu úti um allt land. Þegar við erum komin hingað þar sem við höfum úr miklu meira að moða, bæði tæknilega og fjárhagslega, þá virðist okkur vera algerlega fyrirmunað að reka öfluga heilsugæslu úti um land,“ segir Guðmundur.

Það sé hagsmunamál fyrir dreifða byggð í landinu að hugað sé að þessu og bætt úr.

Hann segir samgöngumálin líka mikið hagsmunamál fyrir Suðurlandið. Vegirnir á Suðurlandi séu allt of mikið lestaðir, sérstaklega eftir að ferðaþjónustan jókst.

Undir það tekur Olga Lísa Garðarsdóttir, skólameistari við Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem segir þjóðveg númer eitt löngu sprunginn. „Ölfusárbrúin er komin á kortið en það er ekki nóg að hún sé á kortinu. Það þarf að fara að hefjast handa við framkvæmdir og tvöföldun á Reykjavík-Hveragerði og klára að tvöfalda Hellisheiðina,“ segir Olga Lísa og bætir við að þetta sé lífsspursmál fyrir fólkið í Árnessýslu. „Og náttúrlega af því að ég er með svo mikið af nemendum í uppsveitunum, þá er maður alltaf með lífið í lúkunum hálfan veturinn yfir því að þau fari sér að voða á leiðinni. Vegna þess að vegirnir eru illa unnir og mjóir og orðnir mjög þreyttir,“ segir Olga Lísa.

„Þriðja málið sem brennur á mér persónulega eru umhverfismálin í mjög stóru samhengi. Bæði með tilliti til almenningssamgangna, fráveitumála, flokkunar úrgangs og svo náttúrlega að með aukinni ferðamennsku verðum við ofboðslega vör við hana, bæði á þjóðvegunum og eins með tilliti til umhverfismála,“ segir Olga Lísa.

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

> Ég óska þess að útkoma kosninganna verði til þess að íbúar Reykjanessins fái notið jafnræðis gagnvart stjórnvöldum varðandi úthlutun styrkja og fjárveitinga í ýmis brýn verkefni.



Sigurbjörn Jónsson, bílstjóri Reykjanesbæ

> Búandi í Vestmannaeyjum finnst mér brýnast að koma samgöngum milli lands og Eyja og heilbrigðismálum á hreint.



Salóme Ýr Rúnarsdóttir, starfsmaður í Efnalauginni Straumi - þvottahúsi

> Að mínu mati skiptir mestu máli að efla heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, bæta samgöngur og stuðla að uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra í kjördæminu.



Ingólfur Örn Jónsson, rafvirki í Grímsnes- og Grafningshreppi


NÚ ERUM VIÐ
LÍKA NÚMER 1
Í SKÚTUVOGINUM
Eftir frábærar viðtökur við vinnufatnaðinum okkar á Smiðjuvegi 1 höfum við ákveðið að bæta vinnufötum við úrvalið í verslun okkar í Skútuvogi 1.
Við bjóðum líka allar vörur okkar í vefversluninni:
www.sindri.is/vinnuföt
Sindri vinnuföt – Ekki bara gæði
HOLTAGARÐAR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR
SINDRI
VINNUFÖT
www.sindri.is | sími 567 6000 | Skútuvogi 1, Reykjavík | Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

# Eyðilegging



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Megintilgangur með stjórnarskrá er að mæla fyrir um skipulag og verksvið æðstu stofnana ríkisins og marka valdi þeirra ramma eða umgjörð en hún er líka brjóstvörn borgarans gegn átroðningi ríkisvaldsins eða annarra borgara því hún geymir ákveðin grundvallarréttindi.

Réttarheimspekingar á Vesturlöndum hafa dregið fram stöðugleika og varðveislu stöðugleika í stjórnkerfinu meðal mikilvægustu eiginleikanna sem stjórnarskrá þarf að búa yfir í réttarríki. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944. Í sjötíu og tvö ár hefur hún þannig veðrast og verið skýrð og túlkuð með mikilvægum dómafordæmum Hæstaréttar Íslands. Þannig hefur þessi æðsti dómstóll þjóðarinnar og eiginlegur stjórnlagadómstóll landsins fyllt og skýrt æðstu réttarheimildina með túlkunum þegar upp hefur komið ágreiningur um grundvallarréttindi. Stjórnarskráin hefur þannig öðlast rótfestu með fyllingu tímans. Rótfesta af þessu tagi er mjög mikilvægur eiginleiki sem stjórnarskrár í réttarríkjum þurfa að búa yfir.

Dómstólar gegna mikilvægu hlutverki við að ákvarða inntak stjórnarskrárákvæða líkt og að framan greinir. Þannig er mikið af réttindum í stjórnarskránni sem koma ekki beinlínis fram í texta hennar. Eitt skýrasta og nærtækasta dæmið um þetta er frægur dómur Hæstaréttar, Öryrkjadómur hinn fyrri. Í þeim dómi beitti Hæstiréttur svokallaðri samræmisskýringu á jafnræðisreglu stjórnarskrár og ákvæði hennar um réttindi til aðstoðar vegna sjúklinga og komst að þeirri niðurstöðu að lög frá Alþingi sem fólu í sér skerðingu örorkubóta vegna tekna maka gengju í berhögg við þessi ákvæði þegar þau væru skýrð saman. Þannig var stjórnarskráin útvörður hagsmunagæslu þeirra sem minnst mega sín í samfélaginu þegar löggjafinn ætlaði að meiða þennan tiltekna þjóðfélagshóp með skerðingu bóta.

Gildandi stjórnarskrá er ekki fullkomið skjal. Við þurfum að endurskoða kaflann um forsetann og setja ákvæði um auðlindir, framsal valds til alþjóðlegra stofnana og þröskuld atkvæðisbærra manna til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög samþykkt á Alþingi. Af ástæðum sem ekki verða raktar til tímaskorts heldur miklu fremur til aðgerða- og afstöðuleysis fyrrverandi forsætisráðherra tókst Alþingi ekki að ljúka gerð frumvarps til breytinga á stjórnarskránni á síðastliðnu kjörtímabili. Það er afar mikilvægt að nýtt þing ljúki þeirri vinnu á sömu forsendum og lagt var upp með.

Ef stefna Pírata og vinstriflokkanna sem vilja kollvarpa stjórnarskránni verður ofan á og gildandi stjórnarskrá verður eyðilögð þá er hætt við því að margra ára flækjustig fyrir íslenskum dómstólum taki við. Í þessum dómsmálum verða átök um túlkun og fara þarf í flóknar samanburðar- og samræmisskýringar á textum gildandi stjórnarskrár og þeirrar nýju. Mikilvæg dómafordæmi Hæstaréttar Íslands munu útvatnast og við þurfum að byrja á hálfgerðum núllpunkti. Við verðum að afstýra því stórslysi sem er í vændum með því að standa vörð um æðstu réttarheimild íslensks réttar en ljúka þeim leiðangri sem er hafinn. Að uppfæra hana með breytingum sem almenn sátt er um í íslensku samfélagi.

**Ef stefna Pírata og vinstriflokkanna sem vilja kollvarpa stjórnarskránni verður ofan á og gildandi stjórnarskrá verður eyðilögð þá er hætt við því að margra ára flækjustig fyrir íslenskum dómstólum taki við.**

## Halldór





KING KOIL
DAGAR REKKJUNNAR
20–40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM AMERÍSKUM HEILSURÚMUM FRÁ KING KOIL.
KOMIÐ OG KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ.
rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 251016

## Frá degi til dags

**Hugulsemin**

**Fjölmargir skelltu sér á kröfufund bæði á Austurvelli og á Ráðhústorgi til þess að krefjast bættra kjara. Logi Einarsson, varaformaður Samfylkingarinnar, var þó ekki einn þeirra. Hann mætti á dvalarheimilið Hlíð og leysti starfskonur þar af á meðan þær skelltu sér á fundinn. Birti síðan mynd af sér á Facebook, svo örugglega yrði eftir þessu tekið. Þetta virðist auðvitað vera hugulsamt af Loga. En svo má velta fyrir sér hvort hann endurtaki ekki örugglega leikinn næst þegar kröfufundur verður haldinn í tilefni af 24. október. Eða hvort viss kosningaskjálfti hafi rekið hann til verksins í þetta eina skipti.**

**Unnið til vinstri**

**Þeir flokkar sem hafa verið á hvað mestri siglingu í skoðanakönnunum upp á síðkastið eru Vinstri græn og Björt framtíð. Fylgisaukningu VG má líklegast skýra með þeim trúverðugleika sem formaður flokksins, Katrín Jakobsdóttir, skilar þeim. Fylgisaukning Bjartrar framtíðar er hins vegar til komin vegna þeirrar sérstöðu sem flokkurinn skapaði sér með afstöðu til búvörusamninga. Flokkurinn væri ekki bara einn þeirra sem spretta upp af vinstri rótum. Forvitnilegt verður að sjá hvaða áhrif það hefur á fylgisþróun nú á lokasprettinum, þegar flokkurinn er byrjaður að leggja drög að samstarfi við vinstri öflin eftir kosningar.**

jonhakon@frettabladid.is

# Kvótakerfið – sáttaleið



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Nú takast stjórnmálaflokkarnir enn eina ferðina á um fiskveiðistjórnunarkerfið í tengslum við komandi þingkosningar. Í grundvallaratriðum snúast deilurnar um meiri félagshyggju eða meiri frjálshyggju.

Félagshyggjufólk telur, að ríkið eigi að njóta beins arðs af fiskveiðum í ríkari mæli en tíðkast í öðrum atvinnugreinum, t.d. í formi veiðileyfagjalda eða söluhagnaðar af kvótauppboði. Frjálshyggjufólk álítur hins vegar, að sjávarútvegurinn skapi hámarksverðmæti í formi gjaldeyrisöflunar og atvinnusköpunar, búi hann við sams konar rekstrarskilyrði og önnur fyrirtæki og þurfi ekki að sæta eignaupptöku undir dulnefni eða æ hærri viðbótargjöldum fyrir kvóta sem þegar hefur verið greitt fyrir fullu verði á markaði.

En til er sáttaleið. Norska leiðin. Í Noregi borga olíufyrirtækin sérstakt gjald fyrir vinnslu á olíu. Stór munur er hins vegar á olíuvinnslugjaldinu í Noregi og veiðileyfagjaldinu hér heima. Á Íslandi rennur veiðileyfagjaldið í hít ríkisins sem eyðsluglaðir stjórnmálamenn á atkvæðaveiðum geta ráðstafað að vild eins og öðrum sköttum. Í Noregi, hins vegar, er olíugjaldið eyrnamerkt olíusjóðnum sem stjórnmálamenn þar í landi mega að jafnaði ekki hreyfa við enda er hann hugsaður sem varasjóður þvert á kynslóðir. Ríkið má einungis ráðstafa hluta ávöxtunar sjóðsins, m.a. til að jafna hagsveiflur. Hvati stjórnmálamanna til að hækka gjaldið í sífellu og grafa þannig undan samkeppnishæfni olíuvinnslufyrirtækjanna er því lítill.

Hví stofnum við þá ekki sams konar sjóð, Íslenska fiskveiðisjóðinn, sem fjármagnaður væri með hóflegum veiðileyfagjöldum? Ekki þyrfti að kollvarpa núverandi kerfi heldur beina veiðileyfagjöldunum í heilbrigðari farveg. Almenningur fengi þá hlutdeild í traustum sjóði sem gegndi samfélagslegu hlutverki. Félagshyggjufólk ætti að vera sátt við það. Frjálshyggjufólk ætti líka að geta þokkalega vel við unað því slíkur sjóður væri rekinn sem kapítalískur fjárfestingarsjóður án teljandi ríkisafskipta auk þess sem útgerðarfyrirtækin byggju við stöðugleika og frið til að reka sig á hagkvæman hátt. Ísland gæti þá áfram verið eina landið innan OECD þar sem fiskveiðar eru arðbærar jafnframt því sem fólkið í landinu fengi beina hlutdeild í rentunni. Frjálshyggja og félagshyggja gætu því náð málamiðlun sé viljinn fyrir hendi.

**Ekki þyrfti að kollvarpa núverandi kerfi heldur beina veiðileyfagjöldunum í heilbrigðari farveg. Almenningur fengi þá hlutdeild í traustum sjóði sem gegndi samfélagslegu hlutverki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Búvörusamningur Bjarna




Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
Pawel Bartoszek
frambjóðendur Viðreisnar

**Það segir ákveðna sögu af pólitískum veruleika landbúnaðarins að það er líklegra að núverandi ríkisstjórn geti samþykkt að afglæpavæða fíkniefni en að samþykkja frekari innflutning á osti.**

Virk samkeppni á markaði skiptir máli. Fyrir almenning á þetta ekki síst við um vörurnar í matarkörfunni. Matarkarfan er stór hluti af lífi okkar allra, bæði hvað varðar útgjöld og hversdagshamingju.

En samkeppnin fær ekki að blómstra í matarkörfunni. Við búum við fákeppni á mjólkurmarkaði og neytendum hefur ekki alltaf val um hvert hann vill beina viðskiptum sínum. Minni fyrirtækin eiga í vök að verjast í baráttunni við risann. Úrval af öðrum landbúnaðarvörum í verslunum gæti sömuleiðis auðveldlega verið meira.

**Gegn viðskiptafrelsi**

Innflutningur á landbúnaðarvörum hefur verið háður kvótum sem seldir hafa verið á háu verði á uppboði. Þessar leikreglur hafa tryggt að samkeppni frá erlendum vörum er ekki raunveruleg. Stefnan í landbúnaðarmálum er að sumu leyti eins og refsistefna gegn almenningi, sem býr við hærra matarverð og skert vöruúrval vegna þessarar stefnu. Landbúnaðurinn virðist í öllu falli vera erfiðasta vígi frjálsræðisins.

Erlendis geta neytendur valið úr alls konar mjólk frá alls konar framleiðendum. Hér er oftast búið að velja framleiðandann fyrir mann. Og þótt það sé gleðilegt að íslenskir framleiðendur framleiði íslenskt salami og íslenskan fetaost ættu íslenskir neytendur að geta valið um ítalskar og grískar útgáfur þessara vara án þess að vera refsað sérstaklega fyrir.

Búvörusamningarnir sem Bjarni Benediktsson og Sigurður Ingi Jóhannsson undirrituðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eru búvörusamningar hinna glötuðu tækifæra. Úreltu kerfi framleiðslustýrkja er viðhaldið. Krónutölutollar á ýmsar mjólkurvörur sem höfðu staðið óbreyttir í stað í nokkurn tíma eru hækkaðir tvöfalt, í því felst skýr yfirlýsing um að tollverndin á þessar vörur sé ekki að fara neitt. Verðlagsþróun hafði lækkað þessa múra talsvert en þá er bara hlaðið aftur ofan á þá. Loks er ríkissjóður skuldbundinn áratug fram í tímann. Neytendur búa áfram við sömu fákeppnina og sama skerta vöruúrvalið.

**Gegn nýsköpun**

Við í Viðreisn viljum viðskiptafrelsi og nýsköpun í landbúnaði. Athafnafrelsi og nýsköpun á að fá að njóta sín í landbúnaði eins og á öðrum sviðum. Það á að ýta undir nýsköpun en ekki draga úr henni eins og búvörusamningar ríkisstjórnarinnar gera. Stuðningur við bændur á að stuðla að því að landbúnaðurinn fái frelsi til að dafna. Það ætti að greiða bændum sem rækta jörð beint í stað þess að tengja greiðslurnar við tiltekna tegund búskapar. Síðan myndu menn bara rækta og framleiða það sem borgar sig mest. Íslenskur landbúnaður er fyllilega samkeppnishæfur og getur vel blómstrað fái hann tækifæri til þess. Þá eru miklir möguleikar fólgnir í því að einfalda reglur varðandi sölu beint til neytenda og skapa þannig grundvöll fyrir ferðaþjónustutengda landbúnaðarframleiðslu.

Tregða ríkisstjórnarinnar við kerfisbreytingar í landbúnaði undirstrikar vel þá staðreynd að ríkisstjórnin gætir ekki almannahagsmuna. Á vettvangi stjórnmálanna virðist auðveldara að ná í gegn með hugmyndina um afglæpavæðingu fíkniefna en að ætla að leyfa meiri innflutning á erlendum ostum. Það segir ákveðna sögu af pólitískum veruleika landbúnaðarins að það er líklegra að núverandi ríkisstjórn geti samþykkt að afglæpavæða fíkniefni en að samþykkja frekari innflutning á osti.

# Látum ekki endurreisn fjölskyldunnar verða kosningamál í framtíðinni




Eva Pandora
í 1. sæti Pírata í Norðvesturkjördæmi og nýbökuð móðir
Andri Þór Sturluson
í 3. sæti Pírata í Suðvesturkjördæmi og þriggja barna faðir

**Fyrir marga er það svo mikið fjárhagslegt högg að eignast barn að því er frestað eða sleppt.**

Markmið hverrar þjóðar hlýtur að vera það að landsmenn séu það bjartsýnir á framtíð sína, að þeir hlakki til að stuðla að áframhaldandi fjölgun hennar. Við þurfum fólk, hamingjusamt fólk sem treystir því að ákvörðunin um að eignast barn verði gæfurík. Til þess að ná þessu markmiði hafa þjóðir heimsins farið mjög mismunandi leiðir. Allt frá því að gera næstum ekki neitt eins og víða í Bandaríkjunum og til þess að senda öllum nýbökuðum foreldrum byrjunarpakka með helstu nauðsynjum til að styðja við bakið á þeim eins og í Finnlandi. Sumar hafa engan virðisaukaskatt á bleyjum og barnamat og margar hafa komist að þeirri niðurstöðu að fæðingarorlof sé mikilvægur réttur og stuðningur sem skilar sér til baka á fleiri vegu en einn. Í raun og veru stuðningur við hagsæld þjóðarinnar sjálfrar.

Nú er svo komið fyrir okkur Íslendingum, sem þó stöndum mörgum framar í þessum efnum, að fæðingartíðni er að lækka og feður eru ekki að taka fæðingarorlof til jafns við mæður. Þar tapa allir. Feður verða af hugsanlega mestu gæðastundum sem lífið getur gefið okkur, ungbörn njóta ekki nálægðar föður síns og mæður skerða möguleika sína á vinnumarkaði. Og í þokkabót skerðast möguleikar allra kvenna á vinnumarkaðnum. Þetta viljum við laga.

Fyrir marga er það svo mikið fjárhagslegt högg að eignast barn að því er frestað eða sleppt. Höggið slær svo samfélagið, sem bregst ekki við vandanum, til baka með lækkaðri fæðingartíðni, færri einstaklingum til að halda uppi samfélaginu og erfiðleikum, sem við þekkjum nú vel sem fámenn þjóð. Þetta þarf að laga.

**Lykilorðið er mannsæmandi**

Píratar stefna að því að lögfesta lágmarksframfærsluviðmið þar sem allir eiga rétt á mannsæmandi tekjum. Lykilorð eru allir og mannsæmandi. Píratar stefna einnig að því að lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og vegna fæðingarstyrks verði aldrei lægri heldur en grunnneysluviðmið sem velferðarráðuneytið gefur út.

Nú árið 2016 er þetta grunnviðmið 224.155 kr. fyrir par í sambúð á höfuðborgarsvæðinu með ungbarn fyrir utan húsnæðiskostnað. Þegar hann bætist við er ljóst að upphæðin dugar alls ekki fyrir framfærslu og er því ekki mannsæmandi.

Í stjórnarskrárfrumvarpi Stjórnlagaráðs er ákvæði um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Nýja stjórnarskráin er eitt megináshersluatriði Pírata. Foreldrar eiga að fá úthlutaða jafn marga mánuði til fæðingarorlofs ásamt því að geta skipt hluta tímans sín á milli eftir geðþótta. Ísland hefur langstystan fæðingarorlofstíma allra Norðurlandanna með níu mánuði á meðan hin löndin hafa 12-16 mánuði. Þar sem erfitt er að fá pláss í daggæslu fyrir ungbörn undir 12 mánaða aldri hafa margir íslenskir foreldrar þurft að dreifa fæðingarorlofsgreiðslum sínum til lengri tíma til þess að geta brúað bilið milli fæðingarorlofstíma og daggæslu. Það leiðir til frekari tekjuskerðingar fjölskyldunnar.

Með lengingu fæðingarorlofstímans í 12 mánuði þar sem móðir fengi þrjá mánuði, faðir þrjá mánuði og sex mánuðir væru sameiginlegir væri auðveldara fyrir foreldra að brúa þetta bil ásamt því að aukinn tími sem fjölskyldan fær saman stuðlar að vellíðan og velferð barns og foreldra. Að því markmiði stefnum við.

Fæðingartíðni Íslendinga er nú sú lægsta síðan mælingar hófust. Það þarf fólk til að halda úti þjóð. Látum ekki endurreisn fjölskyldunnar verða kosningamál í framtíðinni. Förum í þetta núna.

Fyrir hönd Pírata í fæðingarorlofi.

# Hver borgar?



Birgir Guðjónsson
læknir

Heilbrigðismálin eru enn bitbein í kosningabaráttu og einfaldar lausnir boðaðar án nokkurs rökstuðnings.

Nokkrir stjórnmálaflokkar boða gjaldfrjálsa þ.e. „fría“ heilbrigðisþjónustu. Kári vill 11% af þjóðartekjum í heilbrigðisþjónustuna.

Fjármálaspeki mín er ekki mikil en hugstæð er setning/frasi sem oft heyrðist í dvöl minni í Bandaríkjunum og almenningur þekkti vel þ.e. „there is no free lunch“, sem einfaldlega má þýða: það er enginn frír (ókeypis) hádegisverður. Einhver verður alltaf að borga, yfirleitt er það neytandinn eftir öðrum leiðum.

Ef þessir boðberar ætla að afnema alla gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu er þeim skylt að benda á hvar eigi að draga úr öðrum útgjöldum. Alls staðar virðist vanta meira fé, svo sem í menntakerfið, löggæslu og vegamál, hvar á að draga úr? Minni menntun eða löggæslu, verri vegir?

Sama er að segja um 11% hans Kára, hvar á að draga úr öðrum framlögum? Kári hefur vissulega nokkra reynslu af fjármálum með gjaldþroti fyrirtækis upp á um 40 milljarða kr. (313,9 milljónir Bandaríkjadala, (skv. Wikipedia)) eftir mikil hlutabréfakaup almennings, án þess að yfirlýstum markmiðum hafi verið náð. Var 800 milljóna kr. skannagjöf friðþæging? Það dugar lítið að ætla sér að ráða og reka menn úr stjórnmálum.

Þegar kallað er eftir ítarlegum upplýsingum um fjármál forsetafjölskyldu mætti líta sér nær.

SHAREHOLDERS MEETING OF CCP HF.

MEETING INVITATION

A shareholders meeting of CCP hf., reg. no. 450697-3469, will be held on Tuesday 1 November 2016 at 10am at Grandagarður 8, 101 Reykjavík.

The following matters will be on the agenda:

1. Proposal to reduce the share capital by cancelling 707,035 of the company's own shares as a part of a scheme to reduce the share capital following the purchase of own shares for an amount between USD 20 and USD 25 per share

2. Proposal on amendment of the Articles of Association

The board of directors proposes that Article 2.01 (2) of the Articles of Association is amended to read as follows:

"The total share capital of the company is ISK 10,368,531. The Class A shares amount to ISK 8,998,677 – eight million, nine hundred ninety eight thousand six hundred seventy seven 00/100 by nominal value, and is divided into the same number of shares of 1 ISK each."

Icelandic version:

"Heildarhlutafé er kr. 10.368.531. Hlutafé félagsins í A flokki er kr. 8.998.677 - krónur átta milljónir níu hundruð níutíu og átta þúsund sex hundruð sjötíu og sjö 00/100 að nafnvirði, og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti."

3. Other matters

The agenda and final proposals will be available at the company's office for shareholders to view, before the meeting. Ballots and other documents will be delivered at the place of the meeting from 9am on the day of the meeting.

Reykjavík, 21 October 2016

CCP's Board of Directors

CCP

# Samsteypustjórnmál



Haukur Logi Karlsson
doktorsnemi í samkeppnisrétti við European University Institute

Núverandi kosningakerfi er hannað með þeim hætti að hagsmuna- og hugsjónabandalög sem ná til um það bil 10% þjóðarinnar geta vænst þess að vinna þingmenn, og þá að jafnaði 5-7 manna þingflokk. Eftir því sem bandalögin eru sértækari, minnka möguleikar þeirra á nægilega breiðri skírskotun til að ná kjöri, og eftir því sem þau eru almennari er meiri hætta á að þau klofni á mótum sértækra hagsmuna eða hugsjóna. Það er því innbyggð í kerfið ákveðin tregða gagnvart myndun breiðra hagsmuna- og hugsjónabandalaga, um leið og þröskuldur útilokar mjög sértæk bandalög.

Frá sjónarhóli kjósandans tryggir núverandi kerfi að jafnan er úr nokkrum kostum að velja. Þannig gætu verið nokkrir flokkar sem boða stefnu sem hugnast kjósandanum, en eru kannski skipaðir fólki sem honum líst misvel á að muni koma henni í verk.

Í kerfi samsteypustjórnmála má líta á kosningar sem nokkurs konar uppboð á hugmyndum og fólki til að framkvæma þær. Kjósandinn leggur lóð sitt á vogarskálarnar með framboði til merkis um að hann vilji að fólkið og hugmyndirnar þar að baki hljóti aukið vægi þegar kemur að því að mynda stjórn að loknum kosningum. Í kerfi samsteypustjórnmála gengur kjósandinn ekki með þær grillur í höfðinu að einn flokkur muni ráða öllu að loknum kosningum og þannig koma öllum sínum hugmyndum í framkvæmd. Kosningastefnuskrár stjórnmálaflokka í kerfi samsteypustjórnmála ber að túlka í því ljósi; þær eru ekki bókstafleg loforð, heldur fremur samningsmarkmið ef til stjórnarmyndunar kæmi. Þetta er, eða ætti að vera öllum kjósendum ljóst.

**Ef búið er að semja um málamiðlanir áður en atkvæðin eru talin, missa kjósendurnir af tækifærinu til að leggja sitt lóð á vogina með sjónarmiðum einhvers af aðilum samsteypunnar.**

Að loknum kosningum ræður fylgi flokka hversu sterka samningsstöðu þeir hafa til að koma markmiðum sínum í framkvæmd í samstarfi við aðra flokka. Kjósendur kunna að treysta ákveðnu fólki fram yfir annað til að framfylgja svipuðum stefnumálum, og kjósendur geta gefið ákveðnum hugmyndum sérstakt vægi með atkvæðum sínum. Á grundvelli vals kjósenda er stefna málamiðlunar mörkuð fyrir framhaldið í stjórnarsáttmála af fólki sem til þess var treyst af kjósendum.

Væntar stjórnarsamsteypur myndaðar skömmu fyrir kosningar um ákveðið fólk eða ákveðnar hugmyndir taka val af kjósendum sem þeir annars mundu hafa. Ef búið er að semja um málamiðlanir áður en atkvæðin eru talin, missa kjósendurnir af tækifærinu til að leggja sitt lóð á vogina með sjónarmiðum einhvers af aðilum samsteypunnar. Heiðarlegra væri að sameina framboð sem vilja ganga bundin til kosninga um ákveðin stefnumál eða fólk. Ef semja á um málamiðlun á milli ólíkra framboða áður en atkvæðin eru talin er valfrelsi kjósenda gefið langt nef. Enda má spyrja: hugmyndir hvaða framboðs eiga að hafa mest vægi við slíka fyrirfram stjórnarmyndun og á hverju á vægið að byggja, ef ekki samningsstöðu sem leiðir af úrslitum kosninga?




# Svar til Halldórs Gunnarssonar um lífeyrismál



Þorvaldur Þorvaldsson
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

**Með félagslega reknu fjármálakerfi og þar með lífeyriskerfi sparast mikið fé sem nota má til að bæta kjör aldraðra og öryrkja og okkar hinna sem loksins getum hætt að tapa.**

Þann 19. október birti ég grein í Fréttablaðinu um lífeyrismál þar sem hulunni var svipt af þeirri hugmynd Flokks fólksins að peningar sem samsvöruðu skatti af lífeyrisiðgjöldum frá árinu 1988 lægju í lífeyrissjóðunum og hægt væri að ganga að þeim þar til að bæta kjör aldraðra og öryrkja o.fl.

Halldór Gunnarsson, varaformaður Flokks fólksins, maldar í móinn í sama blaði daginn eftir og segir um lífeyrissjóðsiðgjöldin m.a.: „Fram til 1988 var greiddur skattur til ríkis og sveitarfélaga af þessu framlagi. Það ár var lögum breytt í þá veru að iðgjaldið var undanþegið skatti, en greiðsla sem samsvaraði skatti af iðgjaldinu var innt af hendi til lífeyrissjóðanna." Hann getur þess ekki hvaða aðili er svo rausnarlegur að inna þessa greiðslu af hendi né vísar hann á nein gögn um þessi stórmerki sem enginn annar virðist kannast við.

**Að færa peninga milli vasa**

Jafnvel þó að lífeyrissjóðirnir hefðu fengið þessar greiðslur væru þær væntanlega bara hluti af þessum ca 3.500 milljörðum sem þeir eru sagðir eiga og duga ekki til að standa undir lífeyrisgreiðslum. Ef sjóðirnir eiga áfram að vera hluti af lífeyriskerfinu dugar lítt að skerða greiðslugetu þeirra sem er ónóg fyrir með því að taka úr þeim peninga til að greiða það sama með annars staðar frá. Það er eins og að færa peninga úr einum vasa í annan.

Alþýðufylkingin tekur heils hugar undir kröfu um a.m.k. 300.000 króna ráðstöfunartekjur og hefur auk þess áform um frekari umbætur sem gera lífsbaráttuna ódýrari, t.d. með afléttingu vaxtaklyfja. En við tökum ekki undir hókus pókus tal sem byggt er á fullyrðingum úr lausu lofti.

**Félagsvæðing gegn markaðsvæðingu**

Ef Flokki fólksins er alvara með sínum kröfum um 300.000 króna ráðstöfunartekjur, ætti hann að taka undir baráttu Alþýðufylkingarinnar fyrir félagsvæðingu fjármálakerfisins og annarra innviða samfélagsins. Það er eina leiðin til að stokka upp tekjuskiptinguna í samfélaginu þannig að allir geti lifað góðu lífi. Vandinn við lífeyrissjóðina er ekki sá að þeir séu of stórir og mikill rekstrarkostnaður þeirra er jafnvel lítill hluti af vandanum.

Hins vegar byggist markmið þeirra um að tryggja lífeyri á þeirri trú að hægt sé að græða endalaust á fjármagni án þess að neinn tapi á móti. Þegar lífeyrissjóðirnir græða á því að fyrirtæki í eigu þeirra græða, þá er það ýmist með því að halda launum niðri eða vöruverðinu háu. Einnig geta þeir grætt á skuldabréfum með háum vöxtum. Í báðum tilfellum tapar almenningur sem einnig eru sjóðfélagar lífeyrissjóðanna. Þegar lífeyrissjóðirnir tapa á verðbréfahruni tapa sjóðfélagarnir líka. Þetta er það sem fæst fyrir 12% skatt til lífeyrissjóðanna, sem nú á að hækka í 15,5%. Með félagslega reknu fjármálakerfi og þar með lífeyriskerfi sparast mikið fé sem nota má til að bæta kjör aldraðra og öryrkja og okkar hinna sem loksins getum hætt að tapa.

# Ísland er okkar allra



Sverrir Björnsson
hönnuður

Þarf eitthvað að ræða það? Var það ekki ákveðið á Þingvöllum 1944? Jú, en nú í aðdraganda kosninga á 72 ára afmælisári litla lýðveldisins okkar er ágætt að skoða hvernig gengur. En hvern ættum við að spyrja? Eigum við að spyrja börnin 6.000 sem búa við skort hvort Ísland sé okkar allra eða eigum við kannski að spyrja sex ríkustu sægreifana? Eigum við að spyrja þann helming þjóðarinnar sem á minna en ekki neitt eða eigum við kannski að spyrja topp eina prósentið sem á meira en fjórðung auðs á Íslandi?

Marga mætti spyrja en það liggur beint við að spyrja Tvíflokkinn, því þeir hafa setið í ríkisstjórnum 90% tímans frá lýðveldisstofnun. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa reyndar svarað hátt og snjallt. Það gerðu þeir með verkum sínum á síðasta kjörtímabili þar sem hvert einasta af stóru málum þeirra kom vel stæðum betur en þeim sem verr standa. Þetta var einkennismerki allra þeirra aðgerða, allt frá skuldaleiðréttingunni yfir í námslánafrumvarpið. Þó þeir segi annað þessa dagana er augljóst af verkum þeirra að þeir telja ekki að Ísland eigi að vera okkar allra.

Við Íslendingar erum stolt þjóð og dugleg. Við veiðum rúmlega 1% af fiskafla heimsins en erum aðeins 0,004% af mannfjöldanum, við framleiðum stóran hluta af umhverfisvænni orku Evrópu og fáum miklu fleiri ferðamenn á mann en mestu ferðamannalönd heims, Frakkland og Spánn. Það hefur verið frábært að sjá hvernig þjóðin hefur brett upp ermarnar og stokkið í að gera ferðamannaævintýrið að auðsæld en dapurt að sjá ráðherrana reyna að stela heiðrinum af fólkinu. Það er dálítið spaugilegt nú þegar ríkisstjórnin belgir sig yfir árangri sínum að stærsta og farsælasta efnahagsaðgerð síðasta kjörtímabils var alls ekki gerð af ríkisstjórninni, heldur launþegahreyfingunni.

Við erum rík þjóð og gengur vel á mörgum sviðum en fátt líkar okkur Íslendingum verr en vera eftirbátar annarra og allra verst er að vera síðri en Danir. Því miður erum við á eftir þeim í því sem mestu máli skiptir fyrir heill og hamingju fólks, lífskjörum almennings; kaupmætti launa, vinnustundafjölda, húsnæðismálum og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Staðan er ekki alveg 14-2 fyrir þá en það er auðmýkjandi fyrir sjálfstæða þjóð að horfast í augu við að hér hefði almenningur það betra ef landið væri enn þá nýlenda.

**Manneskjulegustu samfélögin**

Ísland þarf að komast út úr frjálshyggjuhagstjórn síðustu áratuga. Við þurfum að taka samfélög Norðurlanda okkur til fyrirmyndar því þar eru manneskjulegustu samfélög heimsins. Meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn hafa yfirgefið brauðmolahagfræðina og lýst því yfir að mestur hagvöxtur og hagsæld skapist þegar auðnum er dælt niður samfélagið, til þeirra sem minna hafa. – Eins og vinstra fólk hefur alltaf sagt.

Nú er fjör í litla lýðveldinu, það eru að koma kosningar! Við höfum myndað okkur skoðun á hinum og þessum málum, skrifum x á kjörseðil og setjum hann svo hátíðlega á svip niður í kassa með innbyggðum pappírstætara! Undarlegt með þessa kjörkassa, maður setur seðil í kassann og það er eins og kjörseðillinn sé strax ristur niður í fjölmargar litlar ræmur og ef flokkurinn sem maður kýs kemst í ríkisstjórn verður hver og ein ræma að blessun manns á einstökum málum stjórnarinnar allt næsta kjörtímabil! Sem betur fer. Fráfarandi formaður fjárlaganefndar orðaði þetta svona í viðtali um umdeilt mál: „Svo eru alþingiskosningar bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla.“ Öll þingmál afgreidd í einni kosningu með einu atkvæði!

Og enn versnar í því ef flokkurinn sem við kusum fer ekki í ríkisstjórn, þá er atkvæðið næstum alveg áhrifalaust, því á þingi er nær ekkert tillit tekið til skoðana þingminnihlutans.

En hvað er til ráða fyrir okkur greyin, valdleysingjana, kjósendur? Getum við haft raunveruleg áhrif í kosningum? Já, ef við hættum að ímynda okkur að litla atkvæðið okkar taki á einstökum málum. Þess í stað eigum við að skoða meginstefnur stjórnmálaflokkanna.

> **En hvað er til ráða fyrir okkur greyin, valdleysingjana, kjósendur? Getum við haft raunveruleg áhrif í kosningum? Já, ef við hættum að ímynda okkur að litla atkvæðið okkar taki á einstökum málum. Þess í stað eigum við að skoða meginstefnur stjórnmálaflokkanna.**

Við sáum á verkum fráfarandi ríkisstjórnar að hún trúir ennþá á að best sé að dæla auðnum upp samfélagið til þeirra sem betur standa en við sáum líka að rústabjörgunarstjórnin á undan henni reyndi við erfiðar aðstæður að halda uppi hlut þeirra sem minna eiga á Íslandi. Vinstri og hægri eru ekki úrelt hugtök í stjórnmálum, þó frasinn sé í tísku á miðjunni og henti sérhagsmunaklíkum vel til að slá ryki í augu fólks.

Pólitík er hagsmunabarátta og átakapunkturinn er hvernig á að fara með samfélagsauðinn. Stóra spurningin í kosningunum er hvort Ísland er okkar allra.






Íbúðalánasjóður
Leiguheimili eru byggð á lögum um almennar íbúðir.
Leiguheimili


Takk og bless. Snorri Steinn yfirgefur nú landsliðið eftir afar gifturíkan landsliðsferil sem spannaði heil fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA

# Risakafla í lífi mínu að ljúka

**Leikstjórnandi landsliðsins, Snorri Steinn Guðjónsson, hefur lagt landsliðsskóna á hilluna 35 ára að aldri. Hann segir ákvörðunina hafa verið mjög erfiða. Hann spilaði 257 landsleiki fyrir íslenska landsliðið.**

**HANDBOLTI** „Þegar maður hefur verið í þessu svona lengi, þá er þetta ekki bara fluga sem maður fær í höfuðið og slær til. Þetta er búið að gerjast í mér í þó nokkurn tíma,“ segir Snorri Steinn Guðjónsson, en hann tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna.

Snorri er annar silfurdrengjanna frá Peking sem leggur landsliðsskóna á hilluna á skömmum tíma en Alexander Petersson tók einnig ákvörðun um að hætta með landsliðinu á dögunum.

Snorri spilaði sinn fyrsta landsleik gegn Noregi þann 2. nóvember árið 2001. Landsliðsferill hans spannar því nærri 15 ár og eina 257 landsleiki. Á ferlinum fór Snorri á 14 stórmót með landsliðinu og vann til tvennra verðlauna; á ÓL árið 2008 og á EM í Austurríki árið 2010.

„Auðvitað var þetta gríðarlega erfið ákvörðun og líklega með erfiðari ákvörðunum sem ég hef tekið sem handboltamaður. Það er engin ein ástæða fyrir því að ég hætti núna. Það er hitt og þetta. Einhvern tímann kemur tími á þetta hjá öllum og mér fannst þetta vera finn tímapunktur fyrir mig til þess að stíga til hliðar. Tilfinningin og hjartað sagði mér að gera þetta og það er oft gott að fylgja því,“ segir Snorri Steinn og getur ekki neitað því að verða svolítið meyr er hann hugsar til þess að eiga aldrei aftur eftir að spila fyrir landsliðið.

„Það er óhætt að segja það og ég er ekkert feiminn við það. Það er að ljúka risakafla hjá mér og það er ekkert leyndarmál að landsliðið hefur gefið mér mínar skemmtilegustu og erfiðustu stundir ferilsins. Áður fyrr þoldi maður ekki einhverja hluti í landsliðinu en þegar þetta er búið þá þykir manni vænt um allan tímann í heild sinni. Mér þykir alveg jafn vænt um verstu stundirnar og þær bestu. Ég á eftir að sakna allra þessara stunda og ég held að það sé óeðlilegt að sakna þeirra ekki. Ég vona að ég eigi eftir að sakna þeirra. Að ég hafi ekki eytt fimmtán árum í eitthvað sem ég mun ekki sakna.“

Snorri viðurkennir að tilhugsunin um að horfa á landsliðið á næstunni og geta ekkert gert uppi í sófa heima hjá sér sé óneitanlega sérstök.

„Það verður erfitt. Ég held að það sé enginn tímapunktur auðveldur til að hætta. Ég held að fyrstu leikirnir og stórmótin sem ég missi af verði skrítinn tími. Ég á örugglega eftir að horfa á þetta meira sem leikmaður og það eru örugglega einhver mót í að ég fari að horfa á landsliðið sem handboltaunnandi í sófanum með bjór,“ segir Snorri Steinn léttur, en hvað stendur upp úr á landsliðsferlinum?

„Það eru auðvitað þessir tveir verðlaunapeningar sem munu standa upp úr. Þegar maður finnur að þetta er búið þá verður maður svolítið meyr og fer að þykja vænt um alls konar hluti. Ég ætla ekki að þylja upp marga hluti núna þó svo að hver nótt með Robba hafi verið gulls ígildi,“ segir Snorri Steinn kíminn en þar á hann við línumanninn Róbert Gunnarsson sem hefur verið herbergisfélagi hans í landsliðinu um árabil.

Leikstjórnandinn magnaði er orðinn 35 ára gamall og mun ekki leggja handboltaskóna á hilluna alveg strax. Hann er leikmaður hjá Nimes í Frakklandi þar sem hann hefur spilað ótrúlega vel.

„Ég á eitt og hálft ár eftir af samningi mínum við félagið og við fjölskyldan erum farin að horfa heim. Þetta er búinn að vera langur tími ytra og verða 15 ár ef ég klára samninginn hérna,“ segir Snorri Steinn sem hefur þegar tekið ákvörðun um framhaldið er hann kemur heim.

„Það er ekkert leyndarmál að ég ætla mér út í þjálfun. Mér finnst það spennandi tilhugsun. Svo verður að koma í ljós hvað verður úr því. Kannski verð ég ömurlegur þjálfari. Ef ég spila einhvern leik eftir að ég kem heim þá verður það með Val. Ef ég þjálfa eitthvert annað lið þá mun ég ekki spila fyrir það. Bara þjálfa það. Ég þori alveg að segja það og stend vonandi við það. Þetta eru bara vangaveltur sem ég er samt ekki að spá mikið í núna. Það var nógu erfitt að hætta með landsliðinu.“ **henry@frettabladid.is**

> Þegar maður finnur að þetta er búið þá verður maður svolítið meyr. Ég ætla ekki að þylja upp marga hluti núna þó svo að hver nótt með Robba hafi verið gulls ígildi.
>
> Snorri Steinn Guðjónsson

## Snorri Steinn í tölum

**1** Snorri Steinn er **markahæsti leikstjórnandi íslenska landsliðsins frá upphafi** en hann skoraði 317 mörkum meira en Geir Hallsteinsson og 359 mörkum meira en Sigurður Gunnarsson.

**848** Snorri Steinn er **fimmti markahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi á** eftir þeim Guðjóni Val Sigurðssyni, Ólafi Stefánssyni, Kristjáni Arasyni og Valdimar Grímssyni.

**14** Snorri Steinn tók þátt í **fjórtán stórmótum** með íslenska landsliðinu allt frá HM í Portúgal 2003 til EM í Póllandi 2016.

**319** Snorri Steinn skoraði **3,8 mörk að meðaltali í leik í 85 leikjum sínum** á stórmótum með íslenska landsliðinu. Hann var með 4,3 mörk í leik á sex Evrópumótum, 3,5 mörk í leik í fimm heimsmeistarakeppnum og 3,2 mörk í leik á þrennum Ólympíuleikum.

**48** Snorri Steinn **skoraði flest mörk íslenska liðsins á Ólympíuleikunum í Peking 2008** eða 48 mörk í 8 leikjum. Íslenska liðið vann silfur á leikunum og Snorri var kosinn í lið mótsins en aðeins Spánverjinn Juanín García skoraði fleiri mörk á ÓL 2008.



### BJÖRGVIN PÁLL Í HAUKA



Landsliðsmarkvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson greindi óvænt frá því í gærmorgun að hann hafi ákveðið að snúa aftur til Íslands í sumar og leika með Haukum. Gerði hann tveggja ára samning við félagið sem tekur gildi fyrir næsta tímabil.

Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari Íslands, gladdist fyrir hönd Björgvins Páls í samtali við Fréttablaðið. „Þetta eru frábærar fréttir fyrir Hauka, hann sjálfan og íslenskan handbolta. Mestu máli skiptir að hann er afar sáttur við þetta,“ sagði Geir sem segir að það dragi ekki úr líkum Björgvins Páls á landsliðssæti að spila á Íslandi fremur en í sterkri atvinnumannadeild í Evrópu.

„Alls ekki. Það skiptir engu máli,“ sagði Geir einfaldlega.

### VIGNIR OG RÓBERT EKKI VALDIR Í LANDSLIÐIÐ

Línumennirnir Vignir Svavarsson og Róbert Gunnarsson voru ekki valdir í íslenska landsliðið sem mætir Tékklandi og Úkraínu í undankeppni EM 2018 í byrjun næsta mánaðar. Geir Sveinsson landsliðsþjálfari ákvað frekar að velja Kára Kristján Kristjánsson og Arnar Frey Arnarsson en sá síðarnefndi hefur verið að spila vel með Kristianstad í Svíþjóð.

Geir sagði Vignir og Róbert koma áfram til greina í íslenska landsliðið en að hann hefði viljað gefa Arnari Frey tækifærið nú.



„Ég hringdi í þá og greindi frá þessari ákvörðun og sagði þeim jafnframt að það væri engin ákvörðun um framtíðina sem lægi fyrir.“ sagði Geir.

### Íslenski landsliðshópurinn

**Markmenn**:

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Bietigheim |
| Björgvin Páll Gústavsson | Bergischer |
| Grétar Ari Guðjónsson | Selfoss |

**Aðrir leikmenn:**

| | |
|---|---|
| Arnar Freyr Arnarsson | Kristianstad |
| Arnór Atlason | Aalborg |
| Arnór Þór Gunnarsson | Bergischer |
| Aron Pálmarsson | Veszprém |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Nimes |
| Bjarki Már Elísson | Fuchse Berlin |
| Bjarki Már Gunnarsson | EHV Aue |
| Geir Guðmundsson | Cesson Rennes |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Guðmundur H. Helgason | Cesson R. |
| Gunnar St. Jónsson | Kristianstad |
| Janus Daði Smárason | Haukar |
| Kári Kristján Kristjánsson | ÍBV |
| Ólafur Guðmundsson | Kristianstad |
| Ómar Ingi Magnússon | Aarhus |
| Rúnar Kárason | Hannover-Burgdorf |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | Aalborg |
| Theodór Sigurbjörnsson | ÍBV |

## Í dag

**18.40 Liverpool - Tottenh.** Sport 2

**Bikarkeppni karla í handbolta:**
**19.30 Þróttur - Afture.** Laugardalsh.
**19.30 Valur 2 - Stjarnan** TM-höllin

# HEILBRIGÐ ÞARMAFLÓRA ER LYKILLINN AÐ GÓÐRI HEILSU

„PRÓGASTRÓ ERU GALL- OG SÝRUÞOLNIR GERLAR OG MARGFALDAST Í ÞÖRMUNUM“

**Artasan kynnir** Prógastró DSS®-1 mjólkursýrugerlar eru gall- og sýruþolnir gerlar sem margfalda sig í smáþörmunum þar sem þeirra er mest þörf. Þeir byggja upp þarmaflóruna og hafa reynst vel þeim sem þjást m.a. af uppþembu, magaónotum, meltingarvandamálum og erfiðum hægðum.



### HEILBRIGÐ ÞARMAFLÓRA – HEILBRIGT LÍF

„Meginþorri heilbrigðra einstaklinga hefur svipaða þarmaflóru en hún er að þróast og dafna hjá okkur alla ævi. Nýlegar rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að samsetning þarmaflórunnar breytist með aldrinum. Helst er talið að breytingarnar stafi af því að meltingin versni með aldrinum og fyrir vikið eigi gerlarnir erfiðara uppdráttar í þörmunum. Þarmaflóran ver okkur gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu. Öflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og oftar en ekki er hægt að rekja ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar þarmaflóru,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.




### HVAÐ RASKAR ÞARMAFLÓRUNNI?

Ástæður þess að þarmaflóran getur raskast eru að sögn Hrannar margar. Til dæmis getur notkun ákveðinna lyfja og þá helst sýklalyfja skaðað heilbrigða flóru og eins er neysla á sykri og unnum matvælum mikill skaðvaldur. Annað sem gerir usla í þörmunum í okkur er óhófleg kaffi- og/eða áfengisneysla, álag og streita og fleiri lífsstílstengdir þættir.

### L. ACIDOPHILUS DDS®-1 MIKILVÆGASTUR

Prógastró-mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir en þarna eru fjórar tegundir gall- og sýruþolinna gerlastofna. Einn af þeim er L. acidophilus DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni þar sem „DDS®-1 viðbótin“ er afar mikilvæg. Það þýðir ekki bara að þeir þola hátt sýrustig í maganum, heldur margfalda þeir sig í þörmunum. L. acidophilus DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að þessi gerill bæti almennt heilsufar fólks þar sem hann:

> Í Prógastró er L. acidophilus DDS®-1 sem er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að hann bæti almennt heilsufar.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir




### AÐLAGAST LÍKAMSSTARFSEMINNI VEL

- Er gall- og sýruþolinn
- Bætir meltingu
- Hjálpar til við styrkingu ónæmiskerfisins
- Stuðlar að betra jafnvægi þarmaflórunnar
- Framleiðir verulegt magn af laktasa sem getur hjálpað gegn laktósaóþol.

Dr. Mercola, sem er bandarískur læknir og stofnandi Mercola.com sem er leiðandi hvað varðar upplýsingar um náttúrulegar heilsulausnir, segir: „Ég er viss um að L. Acidophilus DDS-1 er einn af mikilvægustu gerlastofnunum í virkum góðgerlum á bætiefnaformi.“

### HVERJIR ÞURFA GERLA?

Fólk á öllum aldri getur þurft að taka inn mjólkursýrugerla. Með hækkandi aldri aukast líkurnar á lélegri þarmaflóru og þá er ærin ástæða til að taka inn góða mjólkursýrugerla. Einkenni sem hrjá marga með lélega þarmaflóru eru t.d:

- uppþemba.
- erfiðar hægðir.
- ýmiss konar húðkvillar.
- sveppasýkingar.
- svefnvandamál.
- fæðuóþol.
- krampar.

Einnig hafa rannsóknir sýnt að skýringa á andlegri vanlíðan eins og kvíða og þunglyndi sé einkum að leita í þarmaflóru okkar.

„Á einni mannsævi fara að jafnaði um 35 tonn af mat gegnum þarmana þannig að það skiptir miklu máli að þetta líffæri starfi rétt. Til þess að meltingarkerfi okkar starfi rétt er mikilvægt að neyta hollrar fæðu ásamt því að taka reglulega inn mjólkursýrugerla. Þannig má draga verulega úr líkum á óþægindum út frá meltingarvegi og jafnvel fyrirbyggja sjúkdóma“.

**Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana**



# GlucoSlim

## NÝTT ÞYNGDARSTJÓRNUNAREFNI

**GlucoSlim inniheldur glucomannantrefjar sem stuðla að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði.**

Trefjarnar taka pláss í maganum og framkalla þannig seddutilfinningu svo að fólk borðar minna. Þær hægja á tæmingu úr maga og stuðla því einnig að því að lengri tími líður áður en við verðum aftur svöng.

**Rannsóknir staðfesta virknina**

Matvælastofnun Evrópu samþykkir glucomannantrefjar sem þyngdarstjórnunarefni og hafa rannsóknir sýnt fram á að þessar trefjar geta stuðlað að þyngdartapi.




**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

LYFJA
– Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

Liðverkir?



20% afsláttur

Glucosamin LYFIS
1.178 mg glucosamin – 30 skammtapokar

Við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné
✓ Inniheldur glucosamin súlfat
✓ Duft í skammtapokum
✓ Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
✓ Nær bragðalaust – með sætuefnum
✓ Einn skammtur á dag

**Notkunarsvið:** Glucosamin LYFIS er notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. **Ekki má nota lyfið** ef um er að ræða ofnæmi fyrir glucosamini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða fyrir skelfiski, þar sem glucosamin er unnið úr skelfiski og ef um er að ræða meðfæddan efnaskiptasjúkdóm (fenýlketonmigu). **Gæta skal sérstakrar varúðar:** Einstaklingar með sykursýki, astma, alvarlegt lifrar- eða nýrnavandamál, óþol fyrir einhverjum tegundum sykurs eða eru á natríumskertu fæði skulu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Einnig þarf að útiloka að um sé að ræða annan liðsjúkdóm. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um notkun og því skal ekki nota Glucosamin LYFIS á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Skömmtun:** *Fullorðnir, einnig aldraðir:* Innihald eins skammtapoka á dag, helst með mat. **Algengustu aukaverkanir:** Ógleði, kviðverkur, meltingartruflanir, vindgangur, hægðatregða og niðurgangur. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2014.

ALÞJÓÐADAGUR PSORIASIS

SPOEX

Spoex, samtök psoriasis- og exemsjúklinga boða til fyrirlestrarraðar og vörukynninga á Grand hótel Reykjavík, Sigtúni 38, 105 Reykjavík, næstkomandi þriðjudag 25. október kl. 17:00 -19:30

Aðgangur er ókeypis

Dagskrá

**Dr. Jenna Huld Eysteinsdóttir**
húðlæknir kynnir niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar þar sem hún bar saman áhrif meðferðar í Bláa lóninu við hefðbundna UVB ljósameðferð.

**Aníta Sif Elídóttir**
næringarfræðingur fjallar um umbúðalæsi, hollustumerkingar og skyldu fyrirtækja til að tilgreina næringarlýsingu á flestum forpökkuðum matvælum.

**Dr. Evgenia Mikaelsdóttir**
verkefnisstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu heldur erindi um rannsókn á erfðafræði psoriasis.

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store · Google Play · Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft



Samkvæmt nýlegri rannsókn fundu konur til aukinnar kynferðislegrar löngunar og nutu kynlífsins betur eftir átta vikna núvitundarmeðferð.

# NÚVITUND EYKUR KYNHVÖT KVENNA

Núvitund gagnast konum sem hluti af meðferð við minnkaðri kynhvöt. Lítil kynhvöt er algengasta kynlífsvandamál kvenna. Nýlegar rannsóknir sýna að þriðja hver kona á erfitt með að fá kynferðislega örvun.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Rannsókn sem gerð var við háskólann í Tromsø 2010 sýndi fram á þetta vandamál og sömu niðurstöður fengust í breskri rannsókn frá árinu 2013. Vísindamenn í Kanada og Bandaríkjunum hafa birt nýja rannsókn þar sem fram kemur að núvitund getur hjálpað konum með kynlífsvandamál. Rannsóknin var birt í Journal of Sex Research. Alls tóku 26 konur, allar með litla kynlífslöngun, þátt í sérsniðinni meðferðaráætlun með núvitund. Eftir átta vikur fundu konurnar til aukinnar kynferðislegrar löngunar og nutu kynlífsins betur en áður. Með núvitund lærir fólk afslöppun og að einbeita sér að því sem er að gerast í núinu. Þess vegna hentar núvitund mjög vel þeim konum sem eiga í vandræðum með kynlífið.

### AÐ ÞEKKJA LÍKAMA SINN

Áhugaleysi varðandi kynlíf getur verið af læknisfræðilegum ástæðum, félagslegum eða andlegum. Konurnar sem tóku þátt í verkefninu voru á aldrinum 25 til 63 ára. Rannsakendur töldu að núvitund gerði þær áhugasamari um og móttækilegri fyrir kynlíf. Bæði vegna þess að námskeiðið hjálpaði þeim að einbeita sér að kynferðislegum tilfinningum í líkamanum, létti skap þeirra auk þess að draga úr streitu og áhyggjum. Með núvitund urðu konurnar einnig meðvitaðri um líkama sinn. Jafnframt meðferðinni í núvitund fengu konurnar kynfræðslu hjá sérfræðingum. Þá er bent á að konur séu ekki einar um vandamál tengd kynlífslöngun. Það á einnig við um karlmenn.

### HUGLEIÐSLA ER GÓÐ

Gyða Dröfn Tryggvadóttir, lýðheilsufræðingur og ráðgjafi hjá Lausninni, segir að hugleiðsla sé mjög góð aðferð til að kyrra hugann. „Með því að sitja reglulega í þögn, stutta stund í einu, og fylgjast með hugsunum okkar eins og áhorfandi, gefst okkur tækifæri til að kortleggja huga okkar. Við beinum athyglinni að andardrættinum og fylgjumst með hugsunum okkar án þess að dæma þær. Með því að beina athyglinni inn á við og leyfa hugsunum að koma og fara án þess að grípa þær á lofti og leyfa þeim að ráða för, þá byrjar hugurinn smám saman að róast og verður skýrari. Fræðslan og æfingarnar miða einnig að því að vekja okkur til vitundar um hversu viðkvæmt og dýrmætt líf okkar er og hversu mikilvægt er að vera til staðar, hvert andartak – því það er það eina sem við höfum og verður aldrei endurtekið,“ segir hún.

### AUKIN LÍFSGÆÐI

Er hægt að vinna bug á streitu og álagi í gegnum núvitund?

„Já, það er hægt. Því betur sem við erum til staðar því erfiðara er að spinna söguþráð úr því sem er að gerast hér og nú. Andartakið sjálft er í lagi, eins og það er, en það er upptekinn hugur okkar sem telur okkur trú um, af gömlum vana, að við þurfum að klára hitt og þetta.



Gyða Dröfn segir fortíð og framtíð taka mikið pláss í lífi flestra á kostnað þess sem er að gerast hér og nú.

Að við höfum aldrei nægan tíma til að klára verkefni dagsins eða getum nálgast lífið á annan hátt. Við erum alltaf í kappi við tímann og það er oft eins og það sé alls ekki í okkar höndum hvernig tíma okkar er varið. Vísindamenn segja að um helmingur ákvarðana sem við tökum daglega séu teknar af gömlum vana. Með iðkun núvitundar höfum við möguleika á að sjá skýrt gömul vanamynstur okkar sem viðhalda t.d. álagi og streitu með ýmsum neikvæðum afleiðingum á líf okkar,“ segir Gyða Dröfn og bætir við að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hversu mikið pláss fortíðin og framtíðin taki í lífi okkar á kostnað þess sem er að gerast hér og nú. „Við eigum enga möguleika á því að breyta því sem er liðið eða hafa áhrif á það sem ekki er enn orðið – nema með því að sjá það sem er, hér og nú.

Stærsta gjöfin sem við getum gefið sjálfum okkur og öðrum er að vera betur til staðar í okkar eigin lífi. Iðkun núvitundar getur breytt því algjörlega hvernig við bregðumst við því sem á vegi okkar verður. Með því að verða meðvituð um hugsanir frá einu andartaki til þess næsta þurfum við ekki að fara sömu gömlu troðnu slóðina heldur eigum við meiri möguleika á að vaxa og þroskast og auka þar með lífsgæði okkar og hamingju.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR
FRAMLENGJUM VIÐ
„ALLT INNIFALIÐ“ TILBOÐIÐ Á ÖLLUM LEGSTEINUM.
nr. 116-5
188.100 KR.
FULLT VERÐ: 306.700 KR.
Einn spörfugl fylgir – ekki lukt.
nr. 2042
149.000 KR.
FULLT VERÐ: 276.600 KR.
nr. 2046
270.220 KR.
FULLT VERÐ: 408.900 KR.
nr. 2006
265.420 KR.
FULLT VERÐ: 402.900 KR.
nr. 104
329.420 KR.
FULLT VERÐ: 482.900 KR.
nr. 113
297.420 KR.
FULLT VERÐ: 442.900 KR.
nr. 2021
304.620 KR.
FULLT VERÐ: 451.900 KR.
nr. GS1002
539.900 KR.
FULLT VERÐ: 746.000 KR.
nr. 118
313.420 KR.
FULLT VERÐ: 462.90 0 KR.
Charlie
1999 -2014
Loving you to the stars and back
Meow Meow
Best Friend
Bitsy
July 2000 - May 2010
STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.
VERÐ KR. 79.900,-
INNIFALIN ÁLETRUN.
GÆLUDÝRASTEINAR
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
ATH. AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
*Aksturgjald bætist við utan höfuðborgarsvæðisins
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



## Finnurðu fyrir stirðleika, ert orkulaus eða skortir úthald?

Benecta er fæðubótarefni sem hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum, styður við uppbyggingu vefja, og stuðlar að góðu líkamlegu heilbrigði.

Konráð Baldvinsson
Fyrr. framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar

"Ég hef átt bágt með að trúa því sem er að gerast í líkama mínum. Eftir sex mánaða inntöku á Benecta á ég truflanalausan nætursvefn.
Aukið líkamlegt atgerfi síðustu mánaða hefur gefið mér orku til að stunda fjallgöngu reglulega"

Prófaðu Benecta
- fyrir betri líðan



Fæst í apótekum, í Heilsuhúsinu og í Perform.is



2 MARAÞON NOW



HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN VIÐ HÖNDINA

Stöð 2 Maraþon NOW er ný streymisveita fyrir snjallsíma, spjaldtölvur, Apple TV og vefspilara.*

3 MÍN AÐ SKRÁ SIG DAGAR FRÍTT

2.990 KR. Á MÁNUÐI

2now.is

365

*Þjónustan er einnig aðgengileg á myndlyklum Símans.




Menn reyndu sig við aflraunasteinana fjóra í Dritvík.

# VÍKINGAFERÐIR MÆLAST VEL FYRIR

Einkaþjálfarinn og aflraunamaðurinn Jón Valgeir Williams starfar hjá líkamsræktarkeðjunni Virgin Active í London og býður viðskiptavinum sínum upp á víkingaferðir til Íslands. Hann leggur áherslu á kraftlyftingar og aflraunir og að blása viðskiptavinum sínum víkingaanda í brjóst. Fyrsta ferðin var farin í sumar og eru fleiri í bígerð.

Jón Valgeir hefur tvívegis keppt fyrir Íslands hönd í Sterkasti maður heims og margoft tekið þátt í Vestfjarðavíkingi og sams konar keppnum. Hann flutti til Bretlands fyrir tveimur árum og fékk fljótlega vinnu sem einkaþjálfari hjá líkamsræktarkeðjunni Virgin Active. Stöðin heitir Chiswick Riverside og er flaggskip keðjunnar í London. Eftir að hafa unnið þar í um sex mánuði var Jóni Valgeiri boðin „Master Trainer“ eða yfirþjálfarastaða við stöðina.

Jón Valgeir leggur að sögn höfuðáherslu á aflraunir og kraftlyftingar. „Ég kenni viðskiptavinum mínum að lyfta rétt. Ég legg upp úr því að laga líkamsstöðu þeirra með því að styrkja veiku hlekkina í líkamanum og kenni þeim að nota allan líkamann í einföldustu æfingar,“ segir Jón. Hann hefur auk þess boðið viðskiptavinum sínum upp á æfingaferðir til Íslands. „Ég fór í fyrstu ferðina í sumar. Ég fór með tvo viðskiptavini sem tóku miklum framförum á aðeins örfáum dögum. Fleiri hafa í kjölfarið lýst áhuga á sams konar ferðum og eru þær í bígerð,“ segir Jón Valgeir.

Hann fór meðal annars með viðskiptavini sína í Jakaból til Magnúsar Vers Magnússonar þar sem þeir tóku eðli málsins samkvæmt vel á því. Hann fór líka með þá í Dritvík á Snæfellsnesi þar sem þeir reyndu við aflraunasteinana fjóra; Amlóða, Hálfdrætting, Hálfsterkan og Fullsterkan. „Strákarnir lyftu fyrstu þremur og ég endaði á að rífa upp Fullsterkan sem er 155 kíló. Þá fórum við á keppnina Sterkasti maður Íslands í Grindavík þar sem við hittum keppendur eins og Hafþór Júlíus Björnsson, Stefán Sölva Pétursson og Sigfús Fossdal sem þeim þótti mikið til koma. Eins smökkuðum við alíslenskar kræsingar á borð við hákarl, hval, harðfisk og skyr sem gerir auðvitað ekkert annað en að herða menn.“




Það var upplifun að fara á Sterkasta mann Íslands og hitta menn eins og Stefán Sölva Pétursson.



Viðskiptavinir Jóns Valgeirs voru yfir sig ánægðir með Íslandsferðina og munu fleiri fylgja í fótspor þeirra.

Jón Valgeir segir viðskiptavini sína hafa tekið miklum framförum í ferðinni og að aðrir vilji feta í þeirra fótspor. Hann er sannfærður um að íslenski víkingaandinn hafi átt þátt í því. „Þegar þeir byrjuðu hjá mér í þjálfun var hvorugur þeirra í nokkru styrktarformi. Í Íslandsferðinni bættu þeir sig báðir í bekkpressu og tóku 100 kíló. Þeir lyftu 100 kílóa bjargi í Dritvík og áttatíu kílóum í hvorri hendi í bændagöngu og komu tvíefldir heim til London. Þeir voru yfir sig hrifnir af landi og þjóð, ánægjan hefur spurst út og ég hlakka til að koma heim með fleiri hópa.“

Heilsuréttir fjölskyldunnar

# Hollusturéttir

## við allra hæfi






Eftir að bækurnar okkar **Heilsuréttir fjölskyldunnar** og **Nýir heilsuréttir** komu út kom í ljós að fólk hefur því miður ekki alltaf tíma til þess að elda næringarríkan mat frá grunni eins og það vildi gera, m.a. til þess að forðast aukaefni og of mikinn sykur. Þannig að fljótlega varð okkar næsta verkefni að búa til heilsurétti án aukaefna, viðbætts sykurs, eins og maturinn væri í raun matreiddur í eldhúsinu heima, en samt hægt að kaupa tilbúna úti í búð. Nú eru komnir tveir nýir réttir frá okkur, **Grænmetispottréttur með viðbættu Omega-3** og **Fiskibollur með viðbættu Omega-3.** Bragðgóðir réttir, fullir af þarflegum næringarefnum.

*Bestu kveðjur, Berglind og Siggi.*






## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**VERÐ AÐEINS KR.3.290.000.-**
NÝR HYUNDAI I30 COMFORT STATION MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ. Árg.'16, bensín, sjálfskiptur, verð á sambærilegum bíl í umboði kr.3.790.000.- Rnr.128133,er á staðnum. S:562-1717.



**EKINN AÐEINS 25.ÞÚS KM**
VW TRANSPORTER SINGLE CAB 3 MANNA - PALLBÍLL.Árg.'09,ek.aðeins 25.þús km, bensín, beinskiptur.Verð 1.990.000 + vsk. Rnr.128370, er á staðnum.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

BÍLAMIÐSTÖÐIN



TOYOTA Land cruiser 150 series. Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 8.690.000. Rnr.101276.



TOYOTA Yaris terra dísel. Árgerð 2009, ekinn 128 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.101596.



SUZUKI Vitara. Árgerð 2015, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.100780.



RENAULT Megane. Árgerð 2016, ekinn 33 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.770.000. Rnr.101601.



RENAULT Kadjar expression 4x4 . Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.101135.

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bilar.is bílasala



Fiat 500 Lounge, 9/2013, ek 21 þús km, bensín, bsk, ásett verð 1.890 þús, er á staðnum, raðnr 152690.



Ford Fiesta Trend, 5/2016, ek 34 þús km, bensín, bsk, ný heilsárdekk, ásett verð 1.890 þús, er á staðnum, raðnr 152684.



Honda Civic Elegance, 5/2015, ek 68 þús km, bensín, sjsk, tilboðsverð 2.990 þús, er á staðnum, raðnr 220733.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. Verð: 1.099þ. S. 6162597.



Volvo S40 silfurmolann okkar vantar nýtt heimili. Hann hefur verið hjá okkur frá upphafi (2007) og er nýskoðaður. Uppl.í s.8995252

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.



TOYOTA
**Corolla 1,6 vvti h/b**
Nýskráður 1/2004, ekinn 186 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 550.000**



PEUGEOT
**308SW**
Nýskráður 3/2016, ekinn 14 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 3.290.000**



PEUGEOT
**208 Active dísil**
Nýskráður 5/2016, ekinn 15 þús.km., dísil, 5 gírar.
**Verð kr. 2.620.000**



PEUGEOT
**107 Trendy 1.0i**
Nýskráður 7/2007, ekinn 107 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 850.000**



HONDA
**Jazz Elegance**
Nýskráður 2/2014, ekinn 26 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.350.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2016, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.290.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 8/2009, ekinn 91 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.490.000**



HONDA
**CR-V Elegance**
Nýskráður 5/2016, ekinn 11 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.390.000**



CITROEN
**Berlingo sendibíll**
Nýskráður 1/2006, ekinn 134 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 650.000**



AUDI
**A4 Sedan 130 hö**
Nýskráður 6/2004, ekinn 115 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is




Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið auglýsinguna.

## Rafvirkjun

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**
Löggiltur rafverktaki
Sími: **696 5600**
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Vélar og verkfæri




# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KvikkFix

Erum að bæta við fólki í smur og dekkjavinnu. Viljum einnig ráða manneskju í móttöku í hálft starf. Stundvísi, kurteisi, góð framkoma og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á hinrik@nrg.is

Píratar bjóða frjálsar handfæraveiðar öfugt við XD. XB og viðreisn.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Póstdreifing
við komum því til skila

PÓSTURINN KEMST ENN BETUR TIL SKILA EF...
útiljósin eru kveikt, stéttin mokuð og póstkassarnir vel merktir.

www.postdreifing.is


# Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

## Skipulags og byggingarfulltrúi

Í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 – Breytt landnotkun Norður - Foss**

Unnin hefur verið tillaga að breytingu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Um er að ræða skilgreiningu á verslunar og þjónustusvæði að Norður-Fossi í Mýrdal. Í breytingunni felst að skilgreint er svæði fyrir gistiheimili eða gistiskála í skilningi reglugerðar um gististaði.

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

**Deiliskipulag - Norður-Foss**

Samhliða breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna Norður-Foss er auglýst deiliskipulagstillaga. Skipulagið nær til 3,4 ha. svæðis. Gert er ráð fyrir að byggðar verði sjö byggingar fyrir gistirými á skipulagssvæðinu, í heildina 28 gistirými. Auk þess eru skilgreind svæði fyrir uppbyggingu leiksvæðis og annarskonar útivistaraðstöðu.

Tillögur þessar liggja frammi hjá skipulags og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Frá 26.október 2016 til og með 8.desember 2016. Athugasemdir ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 8.desember 2016. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögur þessar teljast samþykkir þeim

*Vigfús Þór Hróbjartsson*
*Skipulags og byggingarfulltrúi*
*Mýrdalshreppur*

# AÐALFUNDUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS KÓPAVOGS

Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs verður haldinn í Félagsheimili aldraðra Gullsmára 13, miðvikudaginn 2. nóvember 2016, kl 20.00

**Dagskrá;**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál

*Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs*

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

## ÞINGVAÐ 35




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 25. OKT. KL. 17:30-18:00**
Glæsilegt og vandað einbýlishús á tveimur hæðum við einstaka náttúruperlu við Þingvað í Norðlingaholti. Húsið er staðsett við enda botlanga við jaðarlóð og er óhindrað útsýni frá húsinu í átt að Rauðhólum, Heiðmörk og Bláfjöllum. Húsið er alls 236,4 fm. Þar af er innbyggður bílskúr alls 25,8 fm. og efri hæð alls 32,9 fm. með útsýnissvölum. **Verð: 89.9 m**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Maltakur 1a- Garðabæ

**3ja herbergja endaíbúð á efri hæð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög falleg og rúmgóð 120,5 fm. endaíbúð á efri hæð með sérinngangi í litlu fjölbýlishúsi við Maltakur. Stórar og bjartar stofur með útgengi á rúmgóðar svalir til suðurs, 2 baðherbergi og sér þvottaherbergi innan íbúðar. Innréttingar og gólfefni eru úr eik. Staðsetning er mjög góð, stutt í leikskóla, grunnskóla og menntaskóla. **Verð 47,4 millj.**

## Freyjugata 10

**2ja herbergja - laus strax**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




38,8 fm. íbúð á 2. hæð með svölum til suðurs á góðum stað í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með eldri innréttingu, bjarta stofu, herbergi með útgengi á svalir til suðurs og baðherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 24,9 millj.**


FRÉTTABLAÐIÐ
91%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.
*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 91%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft ...



Útför
**dr. Jóns Þórs Þórhallssonar**
fv. forstjóra Skýrr, Akurgerði 31,
fer fram í Kópavogskirkju
fimmtudaginn 27. október nk. kl. 13.

**Vinir og vandamenn**

---



Hjartkær sonur okkar, bróðir, mágur,
frændi og barnabarn,
**Finnbogi Fannar Jónasson Kjeld**
lést á heimili sínu fimmtudaginn
20. október.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnhildur Kjeld**
**Jónas Helgason**

---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi,
langafi og okkar besti vinur,
**Hilmar Vilhjálmsson**
fyrrverandi forstjóri,
lést á sjúkrahúsi í Bad Reichenhall
í Þýskalandi þann 20. október sl.
Minningarathöfn verður auglýst síðar.

**Hallgrímur Kr. Hilmarsson** **Nijole Hilmarsson**
**Hafdís Hilmarsdóttir** **Baldvin Baldvinsson**
**Berglind Hilmarsdóttir** **Óskar Borg**
**Elín Brynja Hilmarsdóttir** **Eyjólfur Kolbeins**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,
**Jónína I. G. Melsteð**
hjúkrunarfræðingur,
Brekkuseli 26,
lést föstudaginn 21. október á
Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Hjörtur Gunnarsson**
**Gunnlaugur M. Gunnarsson** **Halla Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Pétur Daníelsson**
**Sveinborg H. Gunnarsdóttir** **Eiríkur G. Ragnars**
**Gísli Héðinsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
**Bjarni Guðlaugsson**
Hrísateigi 23,
lést á Landakoti fimmtudaginn
20. október 2016. Útför fer fram
í Laugarneskirkju fimmtudaginn
27. október kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Félags
nýrnasjúkra, Banki: 334-26 -1558, kt. 670387-1279

**Hafrún Lára Bjarnadóttir**
**Brynja Bjarnadóttir**
**Erna Bjarnadóttir** **Helgi Halldórsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---

# Eigum öll jörðina saman

**Flökkusaga er frumraun Láru Garðarsdóttur myndskreytis í bókarskrifum. Sagan hentar vel börnum á aldrinum þriggja til sjö ára og hefur margar skírskotanir í samtímann.**

Ég er vön myndmálinu, það er mitt meginmál. Ég bý til teiknimyndir og skrípó en ég er líka skúffuskrifari og ákvað svo að gefa þessa sögu út,“ segir Lára Garðarsdóttir teiknari. Hún var að gefa út sína fyrstu bók, Flökkusögu, sem fjallar um ísbjarnarmæðgurnar Ísold og mömmu hennar. Þær neyðast til að leita nýrra heimkynna eftir miklar breytingar og þurfa að takast á við krefjandi verkefni. Á nýja staðnum hitta þær fyrir brúna birni og húnarnir byrja fljótlega að leika sér saman. „Ísbirnir eru miklir sundgarpar og þær mæðgur sýna mikinn hetjuskap. Þannig bendi ég á að hver og einn býr yfir hæfileikum. Svo eru börn fordómalaus í eðli sínu og pæla ekkert í hvernig leikfélagarnir eru á litinn, ef þeim finnst gaman þá finnst þeim gaman. Það eru þeir fullorðnu sem eru tortryggnari,“ útskýrir Lára.

Skyldi sagan vera búin að dvelja lengi í skúffunni? „Að minnsta kosti ár. Hugmyndin spratt af því að fyrir tveimur árum las ég grein í blaði þar sem fram kom að í Alaska hefði fundist blendingur brúns bjarnar og hvíts. Þarna höfðu þessar tvær bjarnartegundir eignast afkvæmi. Þetta var ofboðslega fallegt dýr en það var auðvitað skotið,“ lýsir hún. „Við eigum öll jörðina saman og þó við séum mismunandi þá erum við öll lík innst inni. Það eru að gerast breytingar og við þurfum að íhuga vel hvernig við ætlum að taka á þeim,hvort sem þær snúast um manneskjur eða dýr.“ **gun@frettabladid.is**




**„Það er heilmikill boðskapur í bókinni án þess að ég sé að lesa yfir hausamótunum á fólki,“ segir Lára.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, stjúpfaðir og tengdafaðir,
afi og langafi,
**Þorkell Bergsson**
lést föstudaginn 21. október.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ásta Aðalheiður Ingólfsdóttir**
**Bergur Þorkelsson** **Sigríður Ósk Halldórsdóttir**
**Þórey Þorkelsdóttir** **Anton Lundberg**
**Kristi Jo Jóhannsdóttir, Nancy Lyn Jóhannsdóttir og**
**Laufey Anna Guðmundsdóttir.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
**Jóhann Lúthersson**
Þórðarsveig 3, Reykjavík,
lést sunnudaginn 23. október.

**Jóhanna Stella Jóhannsdóttir** **Grímur Guðmundsson**
**Elías Oddur Jóhannsson** **Sara Ósk Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sigurður Jóhannesson**
fv. forstöðumaður gjaldeyriseftirlits
Seðlabanka Íslands,
verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 27. október klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á
minningarsjóð hjartadeildar Landspítalans.

**Erla Jóna Sigurðardóttir**
**Kristrún Sigurðardóttir** **Jón Sigurjónsson**
**Hannes Gunnar Sigurðsson** **Hjördís Hannesdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
ástkærrar eiginkonu minnar, móður,
tengdamóður og ömmu,
**Valdísar Gróu Geirarðsdóttur**
Lækjasmára 4, Kópavogi.
Hjúkrunarfræðingum hjá Karitas og
starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi færum
við innilegar þakkir fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Þorgeir Lúðvíksson**
**Lúðvík Þorgeirsson** **Sædís Austan Gunnarsd.**
**Kristín Anna Þorgeirsdóttir** **Örn Arnarsson**
**Björgvin Þór Þorgeirsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma
og langamma,
**Friðmey Eyjólfsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
lést 20. október sl.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík,
föstudaginn 28. október kl. 15.00.

**Gunnlaugur Ástgeirsson** **Ósk Magnúsdóttir**
**Kristín Ástgeirsdóttir**
**Ólafur Ástgeirsson** **Aldís Einarsdóttir**
**Kári Gunnlaugsson** **Árný Bergsdóttir**
**Freyja Gunnlaugsdóttir** **Egill Arnarson**
**Ástgeir Ólafsson**
**Baldur Kárason**

---



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir,
tengdafaðir, afi og bróðir okkar,
**Halldór Georg Magnússon**
lést föstudaginn 14. október.
Hann verður jarðsunginn
fimmtudaginn 27. október klukkan 13.
Athöfnin fer fram í Háteigskirkju.

**Karitas Kristín Ísaksdóttir**
**Hansína Sigríður Magnúsdóttir**
**Ísak Kristinn Halldórsson** **Aðalheiður Sigurjónsdóttir**
**Hanna Dóra Halldórsdóttir** **Gilbert Moestrup**
**Sigríður Ólöf Halldórsdóttir**
**barnabörn og systkini.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**


BYGGÐ Á EINNI UMTÖLUÐUSTU
METSÖLUBÓK SEINNI ÁRA
- ENTERTAINMENT WEEKLY
- VARIETY
"VIVID PERFORMANCES FROM THE CAST"
"EMILY BLUNT IS PERFECT"
"THE GIRL ON THE TRAIN IS SEXY AND BRUTAL"
"SUPERB JOB"
"SOLID THRILLER"
"EMILY BLUNT GIVES RACHEL MULTIPLE DIMENSIONS"
THE GIRL ON THE TRAIN
MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF
KOMIN Í BÍÓ
EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK
AKUREYRI
KRINGLAN
ÁLFABAKKI

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Gengur í austan hvassviðri fyrst suðvestanlands með rigningu og hlýnar í veðri, en mun hægari vindur og úrkomulítið framan af degi um landið norðaustanvert. Snýst í ákveðna sunnanátt síðdegis með skúrum og léttir til norðaustanlands um kvöldið.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 5° |
| → 14 | ↓ 2 | → 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 6° | 2° |
| → 11 | → 14 | → 10 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 2° |
| ↗ 9 | → 8 | ↗ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | -2° |
| ↗ 9 | ↗ 8 | ↗ 11 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sæti
6. komast
8. handfang
9. espa
11. skst.
12. tími
14. skýli
16. sjó
17. fiskilína
18. nögl
20. tvíhljóði
21. fyrnska

**LÓÐRÉTT**
1. hvæs
3. eftir hádegi
4. fugl
5. sjáðu
7. vinsæll
10. í viðbót
13. Til sauma
15. innyfli
16. gerast
19. belti



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ná, 8. hak, 9. æsa, 11. no, 12. stund, 14. skáli, 16. sæ, 17. lóð, 18. kló, 20. au, 21. elli.
**LÓÐRÉTT:** 1. fnæs, 3. eh, 4. sandlóa, 5. sko, 7. ástsæll, 10. auk, 13. nál, 15. iður, 16. ske, 19. ól.

## Skák Gunnar Björnsson

King átti leik gegn Bedjanian í Kaliforníu árið 1962.

**Hvítur á leik.**

**1. Dxe5! Dxe5 2. Hd8+ Ke7 3. He8#.** Norðurlandamótið í skák er í gangi þessa dagana í Sastamala í Finnlandi.

**www.skak.is:** Hannes í Berlín.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | | 3 | | | |
| 6 | 7 | | 2 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | | 7 | | | 2 | |
| | | | 5 | 8 | 7 | 9 | | |
| 9 | 3 | 2 | | | 6 | | | |
| 5 | | | 9 | | | 6 | 1 | |
| | | | 4 | | | | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | | | | | | |
| 4 | 2 | | | | 5 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | 6 | | | 8 |
| | | 5 | | 1 | 3 | | 2 | 9 |
| 4 | 9 | | | | | | 5 | |
| | | 6 | 5 | 3 | 2 | | | |
| 7 | 8 | | | | 1 | | | 5 |
| 5 | | 4 | | | | | 6 | |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | 9 | | | | |
| 6 | | 3 | | 7 | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 9 | | | |
| | | 4 | | 2 | 5 | 7 | | |
| | 5 | | | | 3 | 6 | 8 | |
| | 1 | | 3 | 5 | | | 2 | |
| 4 | | | | | 2 | 5 | 1 | |
| | | 5 | 9 | | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | |
| | | 8 | 4 | 1 | 6 | | | |
| | 9 | 2 | | | | | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |




# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# AUTODESK NÁMSKEIÐ

## SÉRFRÆÐINÁMSKEIÐ Í SAMSTARFI VIÐ SNERTIL, UMBOÐSAÐILA AUTODESK Á ÍSLANDI

### NÆSTU NÁMSKEIÐ:

**AUTOCAD**
Grunnur
31. okt - 16. nóv

**AUTOCAD CIVIL 3D**
Veghönnun
1. - 17. nóv

**AUTOCAD CIVIL 3D**
Landslagshönnun
3. - 14. nóv

**3DS MAX**
Grafísk hönnun
16. nóv - 1. des

**NAVISWORKS MANAGE**
Framkvæmdaaðilar
22. nóv - 24. nóv

**ROBOT STRUCTURE ANALYSIS**
Burðarþolsgreining og hönnun
23. nóv - 5. des



NÁMSKEIÐ Í AUTODESK HUGBÚNAÐINUM ERU KENND AF REYNDUM KENNURUM, BÆÐI ÍSLENSKUM OG ERLENDUM. ALLAR UPPLÝSINGAR UM NÁMSKEIÐIN OG SKRÁNINGAR ERU Á HEIMASÍÐU NTV SKÓLANS.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

SNERTILL®

AUTODESK®
Authorized Training Center

ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

www.ntv.is

# Magnaður Évgení Ónegín slær í gegn

**TÓNLIST**

**Óperusýning**

★★★★★

**Eldborg í Hörpu**

**Laugardaginn 22. október**

**Évgení Ónegín, Tsjajkovskí.**
**Flytjendur:** Þóra Einarsdóttir, Andrey Zhilikhovsky, Elmar Gilbertsson, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, Rúni Brattaberg, Hanna Dóra Sturludóttir, Alina Dubik, Hlöðver Sigurðsson auk annarra söngvara, kórs og hljómsveitar Íslensku óperunnar.
**Hljómsveitarstjórn:** Benjamin Levy.
**Leikstjórn:** Anthony Pilavachi.



**Þóra Einarsdóttir fer á kostum í hlutverki Tatjönu.** MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

Ég greip andann á lofti þegar ég kom inn í Eldborgina í Hörpu á laugardagskvöldið. Frumsýna átti Évgení Ónegín, þar sem sagan hefst á rússnesku sveitasetri. Búið var að breyta sviðinu í blómagarð; blóm voru nánast alls staðar, í öllum regnbogans litum. Það var ótrúlega flott.

Meðfram sviðsveggjunum lágu hvít, hálfgegnsæ tjöld, eins konar stórísar. Á þá var varpað skrifuðum línum á hreyfingu þegar aðalpersónan var að rita ástarbréf; ýmiss konar birtu, líðandi skuggum, reykjarbólstrum. Þessi undursamlega sviðsmynd var hönnuð af Evu Signýju Berger.

Hinar tvær senurnar í óperunni voru ekki síðri, annars vegar ískaldur skógur, hins vegar glæsileg höll. Tjöldin spiluðu veglegt hlutverk í þeim báðum. Lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar var svo punkturinn yfir i-ið, hún skapaði töfraveröld sem dásamlegt var að upplifa.

Búningar Maríu Th. Ólafsdóttur voru fallegir. Hvít föt fólksins í sveitinni og svartir búningar í höllinni voru stílhreinir. Rauður kjóll aðalpersónunnar innan um þetta svarta var kröftugur. Búningarnir féllu prýðilega að sviðsmyndinni; heildarútlitið var veisla fyrir augað.

Tónlist Tsjajkovskís er himnesk, full af drama og undurfögrum laglínum. Évgení Ónegín fjallar um mann sem er sinn eigin versti óvinur. Félagi hans, Lenskí að nafni, kynnir hann fyrir Tatjönu sem verður strax yfir sig ástfangin af honum. En hann hafnar henni, daðrar við systur hennar, sem er heitbundin Lenskí. Það orsakar einvígi þar sem Ónegín drepur hann. Mörgum árum síðar hittir hann Tatjönu, og sér þá eftir öllu saman. Það er heldur seint, hún er gift öðrum manni.



**Andrey Zhilikhovsky í hlutverki Évgení Ónegín í uppfærslu Íslensku óperunnar.** MYND/JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR

Líkt og með sjónræna hlutann þá var sterkur heildarsvipur á tónlistarflutningnum undir stjórn Benjamins Levy. Söngvararnir voru hver öðrum betri og aðdáunarvert var hve raddirnar pössuðu vel saman. Rétt listræn ákvörðun var að hafa óperuna á rússnesku. Tungumálið er hluti af tónlistinni; ef óperan hefði verið sungin á íslensku hefði það gjörbreytt verkinu. Ég gat ekki betur heyrt en að söngvararnir hefðu rússneskuna ágætlega á valdi sínu þrátt fyrir að þeir tali hana fæstir.

Þóra Einarsdóttir var Tatjana, en Ónegín var leikinn af Andrey Zhilikhovsky og Lenskí af Elmari Gilbertssyni. Þau voru öll frábær. Rödd Þóru var einstök og leikurinn var áhrifamikill. Senan þar sem hún skrifaði ástarbréfið hlýtur að vera einhver stórfenglegasta sena í sögu óperunnar hér á landi. Hvílíkur tilfinningahiti! Zhilikhovsky var einnig ákaflega sannfærandi, bæði sem hinn hrokafulli flagari og svo sem niðurbrotinn maður í lok óperunnar. Sömuleiðis sópaði að Elmari, arían hans eftir hlé var t.d. svo hjartnæm og einlæg að maður komst við.

Aðrir söngvarar stóðu sig líka prýðilega. Alina Dubik söng verulega fallega, sem og Nathalía Druzin Halldórsdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir og Rúni Brattaberg. Hlöðver Sigurðsson var svo trúðurinn á sýningunni, hann myndaði pottþétt mótvægi við allt dramað í atburðarásinni. Söngvarar og leikarar í minni hlutverkum stóðu sig jafnframt ágætlega.

Kórinn, undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar söng af mikilli fagmennsku, hann hefur sjaldan hljómað svona vel. Hljómsveitin var með sitt á hreinu undir ástríðufullri, en smekklegri stjórn Levy. Síðast en ekki síst verður að hrósa leikstjórn Anthony Pilavachi. Það var góð ákvörðun að ráða hann, alþjóðlegan óperuleikstjóra með fjöldann allan af uppfærslum undir beltinu. Flæðið í sýningunni var einstaklega ánægjulegt, kóreógrafían gladdi augað; hvergi var dauður punktur í atburðarásinni. Ég mæli með þessari snilld. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Ein besta uppfærsla Íslensku óperunnar í langan tíma.

Uppboð í 20 ár

# Listmunauppboð
í Gallerí Fold

þriðjudaginn 25. september, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Forsýning á verkunum í Gallerí Fold þriðjudag kl. 10–17



Erró

LISTMUNASALA fold

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

## Alþjóðlegt samstarf í Vatnsmýri

Klassík í Vatnsmýrinni er tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna – klassískrar deildar FÍH í samvinnu við Norræna húsið. Markmiðið með tónleikaröðinni er að gefa áheyrendum tækifæri til að hlýða á fyrsta flokks innlenda og erlenda listamenn með áherslu á einleikarann annars vegar og kammertónlist hins vegar.

Fyrstu tónleikar raðarinnar á þessum vetri verða í Norræna húsinu í kvöld kl. 20. Þau Judith Ingolfsson fiðluleikari og Vladimir Stoupel píanóleikari ríða á vaðið en á efnisskránni er tónlist eftir Gabríel Fauré, Louis Vierne og Rudi Stephan.

Dúóið kemur reglulega fram á helstu tónlistarhátíðum heims svo sem Schleswig-Holstein hátíðinni, Voix Etouffées hátíðinni í París, Sumartónleikum í Brandenburg og í National Gallery of Art í Washington borg. Árið 2009 stofnuðu þau tónlistarhátíðina Aigues-Vives en Musiques í Suður-Frakklandi og eru listrænir stjórnendur hennar.



**Judith Ingólfsson fiðluleikari og Vladimir Stoupel píanóleikari leika á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld kl. 20.**

Eitt af einkennum Klassíkur í Vatnsmýrinni er að standa fyrir norrænu og alþjóðlegu samstarfi og er hefð fyrir því að flytjendur kynni og fjalli um efnisskrána á tónleikunum. Á starfsárinu eru áætlaðir tvennir tónleikar með erlendum gestum og þrennir með listafólki FÍT. Aðgangseyrir 2.500 kr. en 1.500 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja, ókeypis fyrir 20 ára og yngri og tónlistarnema. **– mg**


30. OKTÓBER Í HÖRPU
2xBRIT AWARDS
GRAMMY AWARDS
JOSS STONE
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Kristall
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
ALLT UM PÓSTLISTAFORSÖLUNA Á WWW.SENA.IS/JOSS
sena LIVE!

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Tröll
GRIMMD
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ANASTASIA 2. nóvember í Háskólabíói
GEFÐU UPPLIFUN GJAFABRÉF Í BÍÓ
Jólatónleikar ANDRÉ RIEU 19. nóv. og 3. des í Háskólabíói
INFERNO
KVIKMYND EFTIR TIM BURTON
PEREGRINE
EIÐURINN
MAGNIFICENT SEVEN
Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
miði.is Miðasala og nánari upplýsingar
TOM CRUISE JACK REACHER NEVER GO BACK
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Tröll
BRIDGET JONES'S BABY
GRIMMD

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JACK REACHER 2 | 8, 10:30 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| GRIMMD | 5:45, 10:30 |
| INFERNO | 8, 10:30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5:30, 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Tom Cruise er mættur aftur sem Jack Reacher
★★★★ EMPIRE
★★★★ N.Y. DAILY NEWS
Byggð á samnefndri metsölubók
★★★★½ ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★ VARIETY
Emily Blunt Justin Theroux
THE GIRL ON THE TRAIN
...sem þú mátt ekki missa af
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 |
| TRÖLL ÍSLTAL | KL. 6 |
| INFERNO | KL. 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAN'T WALK AWAY | KL. 6 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

STORKS Sýnd með íslensku tali
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★ THE WRAP
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
★★★★ THE GUARDIAN ★★★★ EMPIRE
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
DEEPWATER HORIZON
Ein ... stórmynd ársins
BRIDGET JONES'S BABY
★★★★ EMPIRE ★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY
TOM HANKS
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood
SULLY

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. OKTÓBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Jónas Sig kemur fram á Bryggjunni ásamt hljómsveitinni sinni Ritvélum framtíðarinnar. Á tónleikunum verður hægt að kaupa nýjustu plötu Jónasar sem inniheldur öll vinsælustu lögin hans ásamt lifandi upptökum og áður útgefnu efni. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Kvintett Sigurðar Flosasonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Það er alltaf djass á Kexi á þriðjudögum og í kvöld er það kvintett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar. Ásamt Sigurði sjálfum eru þarna þeir Ari Bragi Kárason á trompet, Kjartan Valdemarsson á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Karókíkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Allir sem vilja góla sitt uppáhaldslag fyrir framan hóp af ókunnugu fólki fá tækifæri til þess á Gauknum í kvöld.

**Hvað?** DJ Eyfjörð
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi
DJ Eyfjörð mætir með plötusafnið sitt á Bravó og spilar allt það besta þaðan fyrir þyrsta gesti staðarins.

**Hvað?** Orang Volante
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Orang Volante kippir fólkinu í gang á Prikinu þetta þriðjudagskvöld.

**Hvað?** Concert Centenaire
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Judith Ingólfsson fiðluleikari og Vladimir Stoupel píanóleikari leika á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld og opna með því tónleikaröðina „Klassík í Vatnsmýrinni“. Á efnisskránni er meðal annars tónlist eftir Louis Vierne, Rudi Stephan og Gabriel Fauré. Aðgangseyrir er 2.500 krónur, 1.500 fyrir eldri borgara og öryrkja en ókeypis fyrir 20 ára og yngri og tónlistarnema.

**Hvað?** Svavar Knútur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Söngvaskáldið Svavar Knútur ætlar að spila í kvöld á Rosenberg. Hann mun taka blöndu af gömlum og nýjum lögum og segja sögur inn á milli. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** DJ John Brnlv
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
John Brnlv sér um tónlistina á Kaffibarnum í kvöld og það verður vafalaust mikið fjör.

### Viðburðir

**Hvað?** Hefnendabíó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Einu sinni í mánuði er haldið kvikmyndakvöld á Húrra og núna er komið að því þennan mánuðinn. Sýndar verða kvikmyndirnar Evil Dead II og Army of Darkness.

**Hvað?** Swap 'til you drop skiptimarkaður
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Loft hostel, Laugavegi
Mánaðarlegur skiptimarkaður Lofts hostels er haldinn í dag. Fólk getur mætt með fatnað og bækur sem það notar ekki lengur og skipt því út. Athugið að það getur verið sniðugt að koma með hluti sem ferðamenn þarfnast eins og kort, gaskúta og fleira í þeim dúr.


Svavar Knútur treður upp á Café Rosenberg þennan þriðjudaginn eins og honum einum er lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Buffy og Angel
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Þáttur 22 af bæði fimmtu seríu Buffy og annarrar seríu Angel sýndir, það eru lokaþættir beggja sería, þannig að spennan magnast all verulega. Grillhúsið býður upp á 15 prósenta afslátt af „take away“-máltíðum og því tilvalið að skokka yfir að ná sér í snarl til að hafa með yfir þáttunum.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Tjarnarvellir, nýtt rannsóknar- og varðveislusetur
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Guðmundur Lúther Hafsteinsson, sviðstjóri Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands, flytur erindi um nýtt rannsóknar- og varðveislusetur safnsins að Tjarnarvöllum. Fyrirlesturinn verður í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Reykholt, The Church Excavations
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Guðrún Sveinbjarnardóttir flytur fyrirlestur og kynnir bókina sína Reykholt, The Church Excavations, en í henni birtir hún niðurstöður rannsókna sem fóru fram á gamla kirkjustæðinu í Reykholti á árunum 2002-2007.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Karin Sander
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Tryggvagötu
Listakonan Karin Sander heldur fyrirlestur í Hafnarhúsinu í dag. Karin Sander er listakona sem hefur öðlast heimsathygli fyrir marghháttaða listsköpun af hugmyndafræðilegum toga. Fyrirlestrar fara fram á ensku og eru öllum opnir án endurgjalds.

**Hvað?** Fræðslumorgunn – þín eigin framleiðni
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík, Menntavegi
Fræðslumorgunn hjá Samtökum kvenna í vísindum, sá fyrsti í röðinni. Helga Guðrún Óskarsdóttir ætlar að halda erindi um þína eigin framleiðni. Frítt fyrir félagskonur en aðrir borga 1.000 krónur, innifalið í verðinu er morgunsnarl.

### Sýningar

**Hvað?** Skilaboð frá flóttamannabúðum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu, Hafnarfirði
Ljósmyndasýningin Skilaboð frá flóttamannabúðum verður opnuð í dag. Sýrlenski flóttamaðurinn og læknirinn Dr. Bashar Farahat stendur að þessari sýningu en myndirnar tók Mohammed Abdullah og Shadi Jaber sá um uppsetninguna. Myndunum fylgja setningar sem eru afrakstur smiðju í skapandi skrifum fyrir börn sem Bashar hélt í flóttamannabúðunum.

**Hvað?** Birgir Breiðdal opnar myndlistarsýningu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Fyrsta sýning Birgis eftir hlé opnar í kvöld á Bryggjunni. Boðið verður upp á léttar veitingar og allir velkomnir.

CAPTAIN FANTASTIC
BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Ransacked | 18:00 |
| Embrace Of The Serpen | 17:30 |
| Captain Fantastic | 20:00, 22:30 |
| Miss Peregrine's Home for Peculiar Children | 20:00 |
| Eiðurinn ENG SUB | 20:00 |
| Fire at Sea | 22:30 |
| Neon Demon | 22:15 |

InnSæi The Power of Intuition



VIÐ BJÓÐUM GÓÐA SKEMMTUN
Nældu þér í áskrift á 365.is
Skemmtipakkinn
Troðfullur Skemmtipakki sér allri fjölskyldunni fyrir stöðugri skemmtun, allt frá yngstu krílunum upp í kröfuharða unglinga, fréttaþyrsta foreldra og spennufíknar ömmur. Fimm fjölbreyttar stöðvar með íslensku og erlendu gæðaefni.
Krakka stöðin
Tónlist
MARAÞON
Vild
Fríðindakerfi 365.
365
Sjónvarp 365 Appið í snjallsíma, spjaldtölvur og AppleTV.
9.990 KR.
Á MÁNUÐI EÐA
333 KR.
Á DAG
ALDREI FLEIRI ÍSLENSKIR ÞÆTTIR.
365.is | Sími 1817
365




**X16 – REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIN BÆÐI**

Strax að loknum kvöldfréttum verður rætt við oddvita stjórnmálaflokkanna úr báðum Reykjavíkurkjördæmum í beinni útsendingu á Stöð 2.

ÞRÆLGÓÐUR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is** **365**



**MAJOR CRIMES**

Sharon Raydor er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



**THE PATH**

Eddie Lane lætur hrífast af kenningum sérstrúarsafnaðar og skömmu síðar snýst veröld hans á hvolf og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.



**UNDERGROUND**

Hópur þræla ákveður að flýja harðstjóra sína af plantekru í Georgíu og þurfa þeir að leggja allt í sölurnar til þess að elta draum sinn um frelsi og betra líf. Magnaðir þættir sem gerast um miðja 19. öld.



**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**

Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbeitta húmor!



**MISSION: IMPOSSIBLE III**

Þriðja myndin í hinni ótrúlega vinsælu myndaröð um hrikalega hættuleg og nánast óleysanleg verkefni leyniþjónustumannsins Ethans Hunts.



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

**THE AMERICANS**

Ný þáttaröð um rússneska njósnara sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Loonatics Unleashed
**07.50** The Middle
**08.15** Mike & Molly
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Junior Masterchef Australia
**10.25** The Doctors
**11.05** Empire
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.15** Britain's Got Talent
**14.40** Britain's Got Talent
**15.45** Bold and the Beautiful
**16.10** Save with Jamie
**16.55** Fresh Off the Boat
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.10** X16 - Reykjavíkurkjördæmin bæði
**20.10** 2 Broke Girls
**20.30** Major Crimes
**21.15** The Path
Dramatískir þættir með Aaron Paul (Breaking Bad) í hlutverki Eddies Lane sem hrifst með kenningum sértrúarsöfnuðar eftir heimsókn á miðstöð þeirra. Skömmu síðar snýst veröld hans á hvolf og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.
**22.00** Underground
**22.45** Last Week Tonight with John Oliver
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og beinskeyttan húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
**23.15** Grey's Anatomy
**00.00** Divorce
**00.25** Bones
**01.10** Nashville
**01.55** Girls
**02.25** 100 Code
**03.10** Transparent
**03.40** Nurse 3D
**05.05** First Response

## SPORT

**07.30** Messan
**09.00** Þýski boltinn
**10.35** UEFA Europa League
**12.20** UEFA Europa League
**14.00** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur
**14.25** Spænsku mörkin
**14.55** Premier League
**16.40** Messan
**18.10** Þýsku mörkin
**18.40** League Cup
**20.45** Premier League Review
**21.40** NFL
**00.10** UFC Unleashed

## SPORT 2

**08.15** UEFA Europa League
**10.00** UEFA Europa League
**11.40** Enska 1. deildin
**13.20** Enska 1. deildin
**15.00** Football League Show
**15.30** Domino's-deild kvenna
**17.10** Domino's-deild kvenna
**18.50** Domino's-deild karla
**20.30** NFL
**22.50** League Cup

## STÖÐ 3

**17.20** The League
**17.45** Mike and Molly
**18.05** New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**20.00** 50 Ways to Kill Your Mammy
**20.50** The Last Man on Earth
**21.15** The Americans
**22.05** The Mentalist
**22.50** Klovn
**23.55** Flash
**00.40** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**01.10** 50 Ways to Kill Your Mammy
**01.55** The Last Man on Earth
**02.20** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Lína Langsokkur
**09.25** Gulla og grænjaxlarnir
**09.37** Stóri og litli
**09.49** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Zigby
**10.10** Ævintýraferðin
**10.25** Skógardýrið Húgó
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Lína Langsokkur
**13.25** Gulla og grænjaxlarnir
**13.37** Stóri og litli
**13.49** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Zigby
**14.10** Ævintýraferðin
**14.25** Skógardýrið Húgó
**14.47** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Lína Langsokkur
**17.25** Gulla og grænjaxlarnir
**17.37** Stóri og litli
**17.49** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Zigby
**18.10** Ævintýraferðin
**18.25** Skógardýrið Húgó
**18.47** Mæja býfluga
**19.00** Baddi í borginni



**16.24 Svampur Sveinsson**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** PGA Tour
**09.25** CIMB Classic
**13.25** CIMB Classic
**17.25** PGA Tour
**18.20** Golfing World
**19.10** CIMB Classic
**23.10** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** The Nutty Professor
**12.35** The Golden Compass
**14.30** Lullaby
**16.30** The Nutty Professor
**18.05** The Golden Compass
**20.00** Lullaby
Dramatísk mynd frá 2014 með einvalaliði leikara. Lullaby er áhrifaríkt, vel leikið og raunsætt fjölskyldudrama um tónlistarmann Jonathan sem ákveður að snúa á æskuslóðirnar í New York þegar hann fréttir að faðir hans, sem barist hefur við lungnakrabba í 12 ár, hefur tekið ákvörðun um að láta slökkva á tækjunum sem haldið hafa lífinu í honum.
**22.00** Mission: Impossible III
**00.05** I Melt with You
**02.10** Rush Hour 3
**03.40** Mission: Impossible III

## RÚV

**16.50** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**16.55** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**17.00** Downton Abbey
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hopp og hí Sessamí
**18.25** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Alþingiskosningar 2016
**20.40** Með okkar augum
**21.15** Áttundi áratugurinn – Friður með sæmd
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Foster læknir
**23.15** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**23.20** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**23.25** Alþingiskosningar 2016
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Superstore
**14.20** Hotel Hell
**15.05** Life In Pieces
**15.25** Odd Mom Out
**15.50** Survivor
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Younger
**20.15** Crazy Ex-Girlfriend
**21.00** Code Black
**21.45** Mr. Robot
**22.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** CSI. Cyber
**00.35** Sex & the City
**01.00** Chicago Med
**01.45** Queen of the South
**02.30** Code Black
**03.15** Mr. Robot
**04.00** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SNJALLASTA SJÓNVARPIÐ Í EVRÓPU




IPS 4K Quantum Display | HDR SUPER with DOLBY VISION | Magic Remote | CLEAR VOICE | Sound Designed by harman/kardon | NETFLIX 4K

**LG Super UHD 4K snjallsjónvarp sem færir þér einstaka upplifun heim í stofu. Framúrskarandi myndgæði, falleg hönnun og hljóðkerfi úr smiðju harman/kardon.**

10Bit IPS 4K Quantum skjár – 1 milljarður litatóna. HDR Super. UHD 4K 3840 x 2160 upplausn. Super Mastering Engine – 4K uppskölun. Innbyggður gervihnattamóttakari. Magic Remote. App fyrir síma og spjaldtölvur.

EISA AWARD
Best Product 2016-2017
SMART TV
LG UH770V

2500Hz PMI 49"
**179.990**
VERÐ ÁÐUR 239.990

2500Hz PMI 55"
**219.990**
VERÐ ÁÐUR 279.990

2500Hz PMI 65"
**319.990**
VERÐ ÁÐUR 379.990

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

LG Life's Good




Verslunarskóli Íslands setur upp leiksýninguna The Breakfast Club 4. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

# Setja aftur upp fyrstu sýningu skólans

Verzlunarskóli Íslands frumsýnir leikverkið The Breakfast Club 4. nóvember næstkomandi. Þrjátíu ár eru frá því að sama sýning var sett upp í skólanum. Dominique Gyða Sigrúnardóttir leikstjóri segir leikhópinn hafa verið gagnrýninn á handrit sýningarinnar.

Leikritið er byggt lauslega á samnefndri kvikmynd frá árinu 1984, eftir John Hughes. Það fjallar um hóp unglinga sem þekkjast lítið sem ekkert en neyðast til að verja heilum laugardegi saman á bókasafni, undir eftirliti kennara sem hefur innleitt eftirsetu að hætti bandarískra menntaskóla, í Verzlunarskóla Íslands," segir Dominique Gyða Sigrúnardóttir, leikstjóri sýningarinnar The Breakfast Club, sem Verzlunarskóli Íslands mun frumsýna 4. nóvember næstkomandi í bláa sal Verzlunarskólans.

Um er að ræða afmælissýningu skólans, en mikil tilviljun er að sama sýning var sett upp í Verzlunarskólanum fyrir 30 árum, árið sem hið nýja húsnæði skólans var tekið í notkun. „Þetta er algjör tilviljun. Verkið var svo sett upp aftur 1996, þá var það Jakob Ingimundarson sem leikstýrði og Jóhannes Ásbjörnsson, betur þekktur sem Jói í „Simmi og Jói", fór með eitt af aðalhlutverkunum í verkinu," segir Dominique.

Óhætt að segja að nóg sé um að vera í uppsetningarferli verksins í dag, þar sem tæpar tvær vikur eru þar til hópurinn frumsýnir leikritið. „Við erum byrjuð að renna, hljóð og ljós eru að detta inn. Það er spennandi staður að vera á í svona ferli þegar verkið fer að taka á sig mynd," segir hún.



Dominique Gyða Sigrúnardóttir leikstýrir sýningunni.

Leikritið er byggt lauslega á kvikmyndinni, en töluverðar breytingar hafa orðið á þýðingu handritsins. „Ég hafði oft séð myndina en það var margt sem rann ekki upp fyrir mér fyrr en ég fór að þýða verkið og skrifa leikgerðina. Það kom mér á óvart að það er töluvert um ofbeldi í kvikmyndahandritinu. Kennarinn hótar að berja nemanda fyrir að hafa gert grín að honum og einn af nemendunum spyr annan mjög persónulegra og kynferðislegra spurninga sem myndi flokkast sem kynferðisleg áreitni í dag," segir Dominique, og bætir við að hópurinn hafi rætt þetta vel og verið mjög gagnrýninn á handritið.

Fjöldi fólks kemur að sýningunni í ár, aðstoðarleikstjóri er Máni Huginsson, nemandi á öðru ári, og tónlistarmaðurinn Daði Freyr Pétursson, betur þekktur sem Mixophrygian, sér um tónlistina.„Við höfum mikla trú á að tónlistin muni koma áhorfendum skemmtilega á óvart," segir Dominique.

Með aðalhlutverk í sýningunni fara þau Höskuldur Þór Jónsson, Karítas Bjarkardóttir, Mikael Emil Kaaber, Selma Kristín Gísladóttir, Viktor Pétur Finnsson og Þórdís Jakobsdóttir en þau þykja öll efnilegir leikarar.

„Krakkarnir hafa unnið hörðum höndum við að gera karakterana að sínum án þess að glata megineinkennum upprunalegu fyrirmyndanna. Þau hafa vikulega gefið út svokölluð karaktermyndbönd á heimasíðu leikritsins á Facebook, leiksýning Verzlunarskóla Íslands 2016. Myndböndin hafa fengið frábær viðbrögð og skapað smá eftirvæntingu," segir Dominique.

gudrunjona@frettabladid.is

# Drake tilkynnir að hann ætli að gefa út nýtt efni í desember

Rapparinn, söngvarinn og hjartaknúsarinn Drake tilkynnti það í útvarpsþættinum sínum OVO Sound á sunnudagskvöldið að hann hygðist gefa út nýja tónlist í desember.

Ekki er á hreinu hvort um er að ræða eiginlega plötu eða í hvaða formi þessi nýja útgáfa verður en hann talaði um að þetta yrði „a playlist" eða „lagalisti". Hvað sem þetta nú er mun það vera titlað More Life.

„Ég vil gefa ykkur samansafn af lögum sem geta orðið hljóðrás lífs ykkar, þannig að þetta mun verða More Life: lagalistinn. Allt saman ný tónlist frá mér," sagði Drake meðal annars í þættinum. Rapparinn kanadíski spilaði þrjú ný lög sem væntanlega munu verða hluti af þessari nýju útgáfu sem hann sendir frá sér í desember, Two Birds One Stone, Fake Love og Sneakin', það síðastnefnda ásamt hinum unga rappara 21 Savage sem hefur verið að gera það gott upp á síðkastið.

Annars var Drake nokkuð dularfullur og gaf ekki mikið upp um eðli þessarar útgáfu en hann gaf samt í skyn að það yrði eitthvað um samvinnuverkefni eins og í Sneakin'.

Drake gaf síðast út plötuna Views í apríl og hefur henni meðal annars verið streymt ótal oft og slegið öll fyrri met yfir streymisfjölda. Hann hefur einnig verið mjög upptekinn í allt sumar en hann lagði land undir fót og spilaði á slatta af tónleikum. Hann tilkynnti einnig fyrir um tveimur vikum að Evrópuferðalag hans myndi hefjast í janúar og því má búast við að hann mæti með nýtt og ferskt efni til Evrópu. – sþh

**ÉG VIL GEFA YKKUR SAMANSAFN AF LÖGUM SEM GETA ORÐIÐ HLJÓÐRÁS LÍFS YKKAR.**



Það er alltaf blússandi fjör hjá rapparanum kanadíska en hann er í miklu stuði þessa dagana og fullt af tónlist á leiðinni.




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo.
Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði






**Linda Pétursdóttir**
Ungfrú Ísland 1988



**Hugrún Harðardóttir**
Ungfrú Ísland 2004



**Fanney Ingvarsdóttir**
Ungfrú Ísland 2010

# Við látum ekki tala svona við okkur

Fegurðardrottningar Íslands segjast aldrei hafa þurft að þola viðlíka framkomu og **Arna Ýr Jónsdóttir** í Miss Grand International. Hún er hetja með bein í nefinu, segir framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland.

Það er nú bara við hæfi að vitna í Michelle Obama þegar hún sagði: „When they go low, we go high.“ Það þykir mér Arna Ýr hafa gert í þessu máli,“ segir Linda Pétursdóttir, athafnakona og fyrrverandi alheimsfegurðardrottning, spurð út í fréttir síðustu daga af Örnu Ýri Jónsdóttur, fegurðardrottningu Íslands, sem hætti við að taka þátt í keppninni Miss Grand International í Las Vegas eftir að hafa verið skipað að grenna sig.

Forsaga málsins er sú að Arna Ýr var komin til Las Vegas til að taka þátt í Miss Grand International 2016 þegar hún greindi frá því á samfélagsmiðlum á föstudag að starfsfólk hefði fært henni þau skilaboð frá eiganda keppninnar að hún þyrfti að grenna sig. Eftir fund með eigandanum daginn eftir sagði fegurðardrottningin að um misskilning hefði verið að ræða, en dró þá útskýringu til baka á sunnudag og sagði sér sannarlega hafa verið sagt að hún væri of feit. Jafnframt sagðist Arna Ýr þá dauðsjá eftir því að hafa látið undan þeim beiðnum aðstandenda keppninnar að leiðrétta „misskilninginn“ svokallaða og dró sig um leið út úr keppninni.

Linda Pétursdóttir, sem keppti sjálf í alþjóðlegum fegurðarsamkeppnum á sínum tíma og hefur meðal annars starfað sem dómari í slíkum keppnum undanfarin ár, segist aldrei hafa heyrt um keppnina Miss Grand International áður en hún frétti af raunum Örnu Ýrar um helgina. „Ég get fullyrt það að engin virðingarverð alþjóðleg keppni myndi láta það líðast að svona væri komið fram við keppendur. Ég hef aldrei heyrt um svona framkomu áður, og hvað þá að keppanda sé skipað að borða bara eina salatmáltíð á dag, sem er beinlínis óheilbrigt. Þetta eru afskaplega gamaldags viðhorf,“ segir Linda og bætir við að huga mætti betur að því hvaða erlendu keppnum er keppt í. „Stóru keppnirnar tvær, Miss World og Miss Universe, eiga sér mjög langa sögu en það er fullt af keppnum sem ég myndi aldrei senda stelpur í og það segir sína sögu að eigandinn láti hafa svona hluti eftir sér. Hann hefur augljóslega enga reynslu. En Arna Ýr er stórglæsileg stelpa í alla staði og mjög töff hvernig hún tók á þessu. Við látum ekki tala svona við okkur og þessi eigandi er bara einhver ruglaður kall sem ætti að snúa sér að öðru,“ segir Linda, harðorð í garð eiganda Miss Grand International, taílensku sjónvarpsstjörnunnar Nawat Itsaragrisil.

Fanney Ingvarsdóttir, sem var kosin Ungfrú Ísland árið 2010 og gegnir nú meðal annars stöðu framkvæmdastjóra keppninnar, tekur í sama streng og segist aldrei hafa þurft að upplifa nokkuð slíkt sjálf þrátt fyrir að hafa margsinnis tekið þátt í alþjóðlegum keppnum. Hún tekur fram að Arna Ýr hafi ekki verið send í Miss Grand International á vegum Ungfrú Íslandkeppninnar heldur sé það Svíi að nafni Peter Hadward, eigandi Miss Queen of Scandinavia-keppninnar, sem hafi verið iðinn við að senda íslenska keppendur í ýmsar keppnir um allan heim síðustu árin. „Peter er góður maður sem ber að treysta, en ég veit ekki hvort hann hefur áður sent stelpur í þessa keppni. Mér brá mjög mikið og þótti erfitt að heyra Örnu Ýri segja frá því sem hún gekk í gegn um úti í Las Vegas, en ég gæti ekki verið stoltari af henni. Hún er hetja með bein í nefinu. Það á enginn að þurfa að sætta sig við svona framkomu,“ segir Fanney.

„Ég upplifði ekki neinar svona óraunhæfar útlitslegar kröfur til mín þegar ég var að keppa,“ segir Hugrún Harðardóttir, sem var kosin Ungfrú Ísland árið 2004 og keppti í kjölfarið meðal annars í Miss World og Miss Scandinavia. Hún segir þó að fréttirnar af Örnu Ýri í Las Vegas hafi ekki endilega komið henni mikið á óvart. „Þessi heimur gengur voðalega mikið út á svona hluti og ef manni er ekki sama um það hvað aðrir segja um útlit manns ætti maður líklega ekki að vera þátttakandi í þessum heimi,“ segir Hugrún.

**kjartang@frettabladid.is**



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
BIG BACON
TOWER BORGARI
Sjáið hver er kominn aftur!
Fyrir alla sem eeelska beikon
BIG BACON
Original kjúklingabringa, beikon, kartöfluskífa, piparmajónes, tómatsósa, ostur og iceberg-salat.
1.099 KR.
Big Bacon, franskar, 3 Hot Wings, gos og Lakkrísdúndur.
1.899 KR.
SVOOO GOTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Spillingin heima er best

Spillingin er ísmeygileg. Hún ryður sér til rúms án þess að þorri landsmanna taki eftir en er svo fyrr en varir orðin svo heimilisleg að fjöldi kjósanda getur ekki hugsað sér lífið án hennar. Hins vegar er spilling handan heimsála alltaf jafn heimskuleg.

Hér á Spáni situr Francisco nokkur Correa á sakamannabekk og útskýrir fyrir dómurum og alþjóð hvernig hann malaði gull með Lýðflokknum (Partido Popular) fyrir nokkrum árum. Þetta samstarf var í raun mafíustarfsemi. Létu menn ekkert tækifæri ónotað til að ausa úr almannasjóðum inn á reikninga auðjöfursins og flokksins. Til dæmis greiddi héraðsstjórnin í Valencia formúur fyrir heimsókn Jóhannesar Páls páfa sem átti að hafa verið verðið á viðhöfninni. Helmingurinn fór hins vegar á svarta reikninga. Af þessum ljóta pening fengu svo flokksgæðingar svartar greiðslur eins og til dæmis Mariano Rajoy, forsætisráðherra og formaður flokksins, sem situr enn sem fastast. Hluti af afrekstrinum af þessu samstarfi fannst svo á 40 milljóna evra reikningi í Sviss, á nafni Barcenas, fjármálastjóra flokksins.

Baltasar Garzón lögmanni, sem hóf rannsókn á þessu yfirvaxna spillingarmáli, hefur verið komið fyrir kattarnef og má nú ekki vinna lögmannsstörf á Spáni.

Skemmst er frá því að segja að Lýðflokkurinn hefur unnið tvennar síðustu kosningar, sem haldnar hafa verið með stuttu millibili.

Spánverjar spyrja mig oft um hrunið á Íslandi. Þá segi ég af einkavinavæðingu bankanna sem tveir flokkar stóðu fyrir, bankahruninu og því að þjóðin kaus þessa tvo flokka aftur til valda fjórum árum síðar, enda söknuður eftir svallinu mikill. Spánverjarnir verða alveg gapandi. Hafa bara ekki heyrt né séð aðra eins fásinnu. Enda bjálkinn í auganu stór.








